



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA ritgerð  
í þjóðfræði**

**Óhefðbundnar sauðfjárlækningar á Íslandi  
- fyrr og nú -**

**Hrafnkátla Eiríksdóttir**

Leiðbeinandi: Elsa Ósk Alfreðsdóttir  
Júní 2022

**FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD**



**Óhefðbundnar sauðfjárlækningar á Íslandi**  
**- fyrr og nú -**

Hrafncatla Eiríksdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þjóðfræði

Leiðbeinandi: Elsa Ósk Alfreðsdóttir

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2022

Óhefðbundnar sauðfjárlækningar á Íslandi: fyrr og nú

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA-prófs í þjóðfræði við félags- og mannvísindadeild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2022, Hrafnkatla Eiríksdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Egilsstaðir, 2022

## Formáli

Í ár er áratugur síðan ég hefði átt að ljúka BA-náminu í þjóðfræði undir eðlilegum kringumstæðum. Ég hafði verið skráð í nám í eitt ár, veturinn 2009-2010, en svo skipt um vettvang og farið í Landbúnaðarháskólann og lokið námi þar. Eftir það vann ég í nokkur ár og tók einn og einn áfanga í þjóðfræðinni með, enda stóð alltaf til að klára. Eftir mikla umhugsun um næstu skref fór ég út fyrir landsteinana og náði mér í meistarapróf í sníkjudýrafræði úti í Kaupmannahöfn. Í vetur lauk ég svo diplómanámi frá HÍ í hnattrænni heilsu og þar sem vorönnin stóð útaf sá ég að núna væri tíminn til að klára þjóðfræðina og fékk það í gegn.

Þar sem ég er fædd og uppalin á sauðfjársbúi lá alltaf beinast við að taka fyrir efni tengt íslensku sauðkindinni þegar kom að því að velja rannsóknarefni fyrir BA-ritgerðina. Mér hefur alltaf þótt skrítið hversu lítið vægi sauðfé hefur fengið í íslenskum þjóðfræðirannsóknum miðað við það viðamikla hlutverk sem það hefur leikið í lífi og þróun landsmanna og andúð á sauðfjárræktinni hefur alltaf komið mér á óvart. Hugmyndin að rannsóknarefninu kviknaði í janúar þegar ég var að brasa við að lækna kind sem hafði fengið þrjá ólíka lyfjakúra en ekkert gekk. Eftir samtalið við nágranna ákvað ég að prófa að gefa henni kaffi og ger og krossa putta hvað myndi gerast. Kindin drapst reyndar, en forvitnin um að rannsaka hvaða lækningaraðferðir fólk gripi til utan hinna hefðbundnu lækninga hafði kviknað og ekki var aftur snúið.

Það hefur verið mikið ferli að ná mér út úr þeim hugsunarhætti sem ríkir í náttúruvísindaheiminum og yfir í þjóðfræðilega hugsun. Ég vona þó að mér hafi tekist ágætlega upp að tvinna þessa heima saman og að lesturinn verði ánægjulegur.

## Útdráttur

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-prófs í þjóðfræði um óhefðbundnar lækningar í sauðfjárrækt. Rannsóknin fjallar um þær lækningaraðferðir sem falla utan hefðbundinna lyf- og skurðlækninga í íslenskum sauðfjárbúskap í dag og áður fyrr. Gögn rannsóknarinnar byggja aðallega á spurningaskrár þjóðháttaeildar Þjóðminjasafns Íslands og spurningakönnun sem höfundur lagði fyrir sauðfjáraændur í gegnum Facebook. Greint er frá upplýsingum samtímans annarsvegar og áður fyrr hinsvegar og svo reynt að útskýra hversvegna óhefðbundnar lækningaraðferðir hafa breyst í gegnum tíðina.

Svo virðist sem megnið af þeim sjúkdómsmeðhöndlunum og fyrirbyggjandi aðgerðum sem lýst var af heimildamönnum þjóðháttaafnsins á árunum 1923-1997 séu ekki lengur við lýði. Áður fyrr notuðu menn mikið jurtir til að lækna ýmsa kvilla. Mörg ráð voru til að meðhöndla júgurbólgu og sníkjudýrasýkingar og fyrir nýtingu hinna ýmsu plantna, t.d. tóbaks, til lækninga. Í dag er algengara að reynt sé að meðhöndla eða fyrirbyggja sjúkdóma í lömbum með óhefðbundnum lækningaraðferðum, eða þá að meðhöndla meltingar- og áttengda kvilla í fullorðnu fé. Algengt er að fólk noti AB-mjólk til allra verka, enda er hún handhæg, auðfengin og skaðlaus að mati bændanna, en mikið af öðrum lækningaráðum komu einnig úr eldhúsinu. Svo virðist sem mikið af fyrri þekkingu hafi ýmist glatast eða hún verið dæmd gagnslaus fyrst lítið af henni hefur staðist tímans tönn.

## Efnisyfirlit

Formáli .....	iii
Útdráttur .....	iv
Myndaskrá .....	vii
Töfluskrá.....	vii
1 Inngangur.....	1
2 Hugtök og skilgreiningar .....	2
2.1 Sjúkdómar og kvillar .....	2
2.2 Lækningar .....	3
2.2.1 Alþýðulækningar .....	3
2.3 Hópur ( <i>e. group</i> ).....	4
2.3.1 Sauðfjárþændur .....	5
2.4 Hefð ( <i>e. tradition</i> ).....	6
2.4.1 Siðvenja ( <i>e. custom</i> ).....	6
3 Aðferðarfræði .....	7
3.1 Þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins.....	7
3.2 Spurningalisti á netinu.....	8
3.3 Staða þekkingar .....	9
4 Frá kotbúskap til vísinda .....	10
4.1 Saga sauðfjár á Íslandi .....	10
4.2 Tilkoma dýralækna í samfélagið .....	11
4.3 Óhefðbundnar dýralækningar .....	13
5 Fyrr á öldum.....	14
5.1 Sjúkdómar í lömbum .....	14
5.1.1 Burðartengd vandamál í ám .....	15

5.2	Júgurvandamál .....	15
5.3	Meltingartengdir kvillar .....	18
5.4	Sníkjudýr .....	20
5.4.1	Sullaveiki og vanki (höfuðsótt) .....	20
5.4.2	Sauðfjárnöðun .....	21
5.5	Sáralækningar og áverkar .....	22
5.6	Aðrar lækningar og fyrirbyggjandi aðferðir .....	23
6	Nútíminn .....	24
6.1	Rannsóknin og þátttakendur .....	24
6.2	Óhefðbundnar sauðfjárlækningar samtímans .....	25
6.2.1	Sjúkdómar í lömbum .....	26
6.2.2	Júgur- og burðartengd vandamál .....	29
6.2.3	Meltingartengdir kvillar .....	30
6.2.4	Sáralækningar og áverkar .....	32
6.2.5	Aðrir sjúkdómar og fyrirbyggjandi aðgerðir .....	33
6.3	Viðhorf sauðfjárnöðna til óhefðbundinna sauðfjárlækninga .....	33
6.3.1	Framtíð óhefðbundinna lækninga í sauðfjárnöðun .....	35
7	Umræða .....	37
8	Lokaorð .....	39
	Heimildaskrá .....	41
	Heimildir úr Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands .....	45
	Viðauki I - Svarendur spurningakönnunar .....	47
	Viðauki II - Spurningakönnun .....	53



## **Myndaskrá**

<b>Mynd 1 - Skurðmynstur til fjarlægingar á höfuðsóttarsulli .....</b>	<b>20</b>
--	-----------

## **Töfluskrá**

<b>Tafla 1 – Aldursdreifing og kyn þátttakenda .....</b>	<b>24</b>
<b>Tafla 2 – Ástæður inngjafar af AB-mjólk í lömb .....</b>	<b>27</b>
<b>Tafla 3 – Uppruni óhefðbundinna dýralækningaráða til bænda .....</b>	<b>34</b>

# 1 Inngangur

„Þar sem sauðkindin lifir, þar lifir maðurinn,“ voru orð Bjarts í Sumarhúsum (Halldór Laxness, 1952:35) og má segja að það séu orð að sannni hér á fróni. Sauðkindin kom með landnámsmönnum og hefur dvalið hér með okkur síðan, í gegnum tímabil þar sem eldgos, byljir og hamfarir hafa geisað. Hún hefur haldið í okkur lífinu og vafalaust innrætt okkur hina séríslensku þrjósku í leiðinni. Margir kvillar hafa herjað á íslenskt sauðfé í gegnum tíðina en tilraunir til kynbóta með innfluttu fé hafa valdið fjörtjóni með tilkomu illviðráðanlegra sjúkdóma inn í stofninn og tilheyrandi niðurskurði á stórum svæðum (Páll A. Pálsson, 1973:33-34). Það hefur því lengi verið afkomuspursmál hvers bónda að ná að koma í veg fyrir sjúkdóma á sínum bæ, sem og að lækna þá gripi sem veikjast.

Hugtakið óhefðbundnar lækningar vekur allskonar viðbrögð hjá fólki en flestir virðast hafa skoðun á efninu. Fyrstu viðbrögð margra við efni ritgerðarinnar voru undrunarblandin hneykslun, að vísindamenntuð manneskja myndi gefa slíku *húmbúkki* gaum. En alþýðulækningar hafa verið samofnar menningu Íslendinga sem og annarra þjóða frá upphafi, enda er tími raunlækninga tiltölulega nýhafinn með bóluefnum og sýklalyfjum í fararbroddi (Porter, 1997:460). Sé horft til alþýðulækninga með opnum huga má sjá að þar leynast ráð og lækningaraðferðir svo samfélagslega samþykktar að maður áttar sig ekki á að um óhefðbundnar lækningar sé að ræða, bæði fyrir mannfólk og dýr.

Þar sem umræða um lífræna ræktun og lyfjanotkun í landbúnaði er að aukast í samfélaginu þótti mér áhugavert að rannsaka óhefðbundnar lækningar í sauðfjárbúskap á Íslandi og algengi þeirra til að sjá hvort hægt væri að merkja áhrif umræðunnar í lækningaraðferðunum. Rannsóknarspurningin er því: Hverskonar óhefðbundnar lækningaraðferðir hafa verið viðhafðar í sauðfjárbúskap fyrr og nú? Leitast verður eftir því að svara hverskonar jurtir, efni og aðferðir fólk nýtti sér áður fyrr, hversu útbreiddar aðferðirnar hafi verið og séu, og hvert viðhorf bænda sé til óhefðbundinna lækninga í samfélagi nútímans.

Í ritgerðinni verður leitast við að gera grein fyrir helstu lækningaraðferðum sem notaðar hafa verið á íslenskt sauðfé og talist gætu til óhefðbundinna lækninga. Ritgerðin

byggist upp á sex köflum auk umræðu og lokaorða. Byrjað verður á að skilgreina helstu hugtök og aðferðarfræði rannsóknarinnar. Næst verður viðfangsefnið sett í samhengi við sauðfjárrækt og tilvist dýralækna á Íslandi. Í kafla 5 er farið yfir spurningaskrár úr þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins til að afla gagna um óhefðbundnar sauðfjárlækningar í fyrri tíð og leitast við að svara því hverskonar aðferðir voru viðhafðar og hvaða sjúkdóma var verið að lækna. Kafli 6 er með samskonar yfirbragði og kafli á undan nema þar er farið yfir niðurstöður spurningakönnunar sem lögð var fyrir starfandi sauðfjorbændur til að átta sig á óhefðbundnum dýralækningum í samtímanum og viðhorfi til þeirra. Að lokum verða niðurstöður ritgerðarinnar ræddar og dregið saman það helsta sem kom fram.

## **2 Hugtök og skilgreiningar**

Áður en hægt er að hefjast handa við að greina efni ritgerðarinnar er nauðsynlegt að skilgreina þau hugtök sem verða ríkjandi í viðfangsefninu og hvernig er ákveðið að nálgast þau. Viðfangsefni um sjúkdóma og lækningar eru viðfangsmikil enda hafa sjúkdómar fylgt mannkyninu og dýrunum frá upphafi. Þessari umfjöllun hér á eftir er ætlað að skýra hugtök og þýðingar sem höfundur kys að nota og útskýra hví höfundur valdi tiltekna þýðingar fram yfir aðrar þegar verið er að ræða viðfangsefnið.

### **2.1 Sjúkdómar og kvillar**

Sigurður Einarsson dýralæknir sagði sjúkdóm vera allt óeðlilegt ástand eða ásigkomulag í líkama skepnu eða í líffærum hennar (Sigurður Einarsson, 1915:3). Sumir sjúkdómar eru vægir að eðlisfari en aðrir geta valdið varanlegum skaða eða dauða og þegar slíkur sjúkdómur kemur upp er leitast við að lækna hann með öllum tiltækum ráðum. Sama gildir um okkur og dýrin okkar. Í dag hringjum við flest til dýralæknis til að fá viðurkennda lausn frá viðurkenndum aðila. Flestir sjúkdómar í dag eru með þekkta orsakavalds sem þarf þá að vinna á eða fyrirbyggja veikindin á annan hátt, en áður fyrr vissi fólk ekki endilega orsök veikinda sem sóttu á menn og/eða dýr og leitaði því útskýringa í þann heim sem það þekkti.

## 2.2 Lækningar

Eins langt og menn muna höfum við mannfólkið einbeitt okkur að því að finna orsakavalda sjúkdóma og reyna að leysa vandamálin og lækna þau. Kenningar læknisfræðinnar hafa verið margar í gegnum aldirnar en ávallt ætlaðar til að finna lausn á þeim krankleikum sem hrjá mannkynið. Hippocrates, faðir læknisfræðinnar, hafði kenningar um hina fjóra líkamsvessa: blóð, slím, gult gall og svart gall, sem ákvörðuðu heilsu fólks og lækningar fólust í því að finna aftur jafnvægið á milli þeirra (Porter, 1997:9). Svo höfum við vestrænar lækningaraðferðir nútímans þar sem við reynum að læra að þekkja jafnt óheilbrigða og heilbrigða starfsemi mannlíkamans (Porter, 1997:7).

Lækningar hafa alltaf verið hugðarefni fólks. Þær voru áður framkvæmdar af einstaklingum sem kannski höfðu aðstoðarmenn og voru miðpunktir í sínu samfélagi en í dag er heilbrigðiskerfið orðinn stór iðnaður sem veltir milljörðum (Porter, 1997:628-630). Þrátt fyrir alla læknisfræðilega sérþekkingu dagsins í dag og þá staðreynd að mannkynið hefur eflaust sjaldan verið heilbrigðara hefur fólk sjaldan sýnt jafn mikið vantraust á hefðbundnum lækningum (Porter, 1997: 3). Bylgjur sem hafna nútímavísindum og vilja hverfa aftur til fortíðar eru ekki nýjar af nálinni og framboð af óhefðbundnum lækningum er gífurlegt. Þar má telja nálarstungur, hómópatíu, nudd, grasalækningar, dáleiðslu og svo mætti endalaust halda áfram (Porter, 1997:686-688).

### 2.2.1 Alþýðulækningar

Alþýðulækningar eru lækningar sem eru veittar af einstaklingi sem hefur enga formlega menntun hlotið né hefur opinber réttindi frá þjóðfélaginu á sviði lækninga (Jón Steffensen, 1990:127). Bandaríski þjóðfræðingurinn Don Yoder skipti alþýðulækningum upp í tvo hópa: annarsvegar í náttúru- og grasalækningar og hinsvegar í galdra- og trúlækningar (Yoder, 1972:192). Hér í þessari ritgerð verður meira einblínt á fyrri hópinn.

Svo virðist sem alþýðulækningar séu ætíð hluti af samfélagi hvers tíma. Fólk horfir stöðugt um öxl til óhefðbundnari aðferða til að leita bóta meina sinna þegar því finnst hin almennu læknavísindi svíkja sig (Porter, 1997:686). Árni Björnsson þjóðháttufræðingur skrifaði skemmtilega grein í *Læknablaðið* um skottulækningar, en það er hugtak sem vantrúarmenn nota gjarnan yfir alþýðulækningar. Þar segir hann alþýðulækningar vera jafngamlar læknislistinni, og jafnvel sé hægt að telja allar lækningar fyrir tíma vísindalegrar læknisfræði sem slíkar. Hér fer hann yfir markhópa lækninganna og hverjir

stundi þær ásamt því að ræða hversu algengar þær séu í nútíma samfélagi og vill meina að drifkrafturinn á bak við ástundun þeirra nú á dögum séu peningar (Árni Björnsson, 1998). Það er áhugavert hversu neikvætt viðhorf hann sýnir til þeirra læknisgreina sem falla utan hins hefðbundna forms en lýsir kannski viðhorfi margra.

### **2.2.1.1 Óhefðbundnar dýralækningar (e. *ethnoveterinary medicine*)**

Í þessar ritgerð verða óhefðbundnar dýralækningar skilgreindar sem lækningar sem eru stundaðar á ódæmigerðan hátt eða með ódæmigerðum meðulum, oftast af bóndanum sjálfum. Upplýsingarnar geta verið upprunalega munnlegar frá öðrum bændum eða þá eitthvað sem bóndinn hefur sjálfur lært af eigin fjölskyldu. Ódæmigert þarf í þessu samhengi þó ekki að þýða nýstárlegt né óalgengt, heldur ráðleggingar sem nýta efnivið og aðferðir utan hefðbundinna lyflækninga og skurðlækninga sem kenndar eru á dýrum.

Töluverð vandræði voru fólgin í því að þýða hugtakið *ethnoveterinary medicine* þar sem alþýðu- forskeytið getur verið fullgildishlaðið innan vissra hópa og vildi höfundur því forðast að nota það ef farið yrði út í frekari skrif um þetta efni fyrir almenning eftir útskrift. Búið var að ákveða að nota hugtakið óhefðbundnar dýralækningar yfir allt sem ekki telst til hefðbundinna lyflækninga eða skurðlækninga framkvæmdum af eða undir eftirliti dýralæknis. Þó gætu hafa slæðst inn ráð þar sem lyf til mannalækninga sé eitt innihaldsefna í uppskrift af meðali.

## **2.3 Hópur (e. *group*)**

Samkvæmt skilgreiningu bandaríska þjóðfræðingsins Alan Dundes samanstendur hópur af tveimur eða fleiri einstaklingum sem deila að minnsta kosti einum sameiginlegum þætti, en allir þekkjast ekki endilega innbyrðis. Hópar geta verið stórir, til að mynda innan tiltekinnar trúar eða starfsstéttar, eða smærri, svo sem fjölskyldueiningar (Dundes, 1965:2). Við tilheyrum öll að minnsta kosti einum hóp, flestir miklu fleiri, þar sem við fylgjum hefðum og háttum í kringum aðra meðlimi hópsins. Inn í suma hópa fæðumst við, t.d. fjölskyldu, en göngum síðar í aðra hópa t.d. vegna áhugamála eða atvinnu og þá þarf að læra reglur hópsins og þróast með honum (Sims og Stephens, 2005:31, 40-41).

Bændasamfélagið er dæmi um hóp sem fólk með sameiginlega atvinnu og menningarheim tilheyrir. Ég upplifði þetta mjög sterkt þegar ég stundaði nám á Hvanneyri, en kennararnir þar byrjuðu alltaf á því að spyrja nýja nemendur sem þeir kenndu hvaðan þeir væru. Síðan voru sveitamálin krufin hjá hverjum nemanda fyrir sig.

Væri svarið hinsvegar að nemandinn kæmi frá Reykjavík var viðkvæðið: „Velkominn,“ og svo hoppað yfir í næsta nemanda, því að hér var einstaklingur utan samfélagsins kominn, einstaklingur sem ekki ennþá tilheyrði hópnum og því ekkert að ræða strax.

Bændasamfélagið sem hópur skiptist svo niður í fleiri minni hópa. Maður getur tilheyrt hópi bænda á tilteknu svæði, þar sem allir þekkjast innbyrðis, vinna jafnvel saman að verkefnum, deila bröndurum og hefðum byggðum á landfræði svæðisins sem búið er á og þeim einstaklingum sem þar hafa áður búið. Á sama tíma má einnig tilheyra þeim hópi bænda á landsvísu sem stunda sömu búgrein og maður sjálfur. Þið deilið annarskonar hefðum og háttum, byggðum á umönnun þess dýrs sem þið annist og þörfum þess.

### **2.3.1 Sauðfjárþændur**

Sauðfjárþændur eru atvinnutengdur hópur samkvæmt skilgreiningu Dundes hér að ofan. Þó er aðeins um eitt og hálf ár síðan þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lét þau eftirminnilegu orð falla að sauðfjárþúskapur væri lífstíll frekar en spurning um afkomu (Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir og Bjarni Rúnarsson, 2020). Þótt sauðfjárþændur hafi brugðist reiðir við þessum orðum má vissulega merkja nokkurn sannleika í þeim. Margir upplifa sig þannig að þeir tilheyri ennþá hópi sauðfjárþænda og fylgja enn hefðum og anda hópsins þrátt fyrir að hafa yfirgefið búgreinina sökum aldurs eða af öðrum orsökum. Þetta samræmist fræðunum, en þar er þekkt að atvinnutengdi hópurinn sem maður tilheyrir eitt sinn sé eitt af því sem manni finnst einkenna sig mest út lífið (Sims og Stephens, 2005:50). Svo þeir eru eflaust nokkrir, sauðfjárþændurnir sem lifa lífsstílnum án bústofnsins um tíma.

Sauðfjárþændur á Íslandi eru dreifðir um allt land en deila allir sama áhuga og reynsluheimi úr sauðfjarrækt sem tengir þá saman. Þeir samgleðjast yfir sólríku vori, bölsótast saman yfir snjónum sem kemur áður en búið er að sækja allt fé af fjalli og tala jafnvel tungumál sem ekki er á færi margra utan hópsins að skilja. Syrgja saman þegar bóndi missir búpening vegna illviðráðanlegra aðstæða og fagna saman þeim árangri sem hefur náðst síðastliðið ár við leit að lausnum gegn riðu („Viðurkennd verndandi arfgerð“, 2022).

## 2.4 Hefð (*e. tradition*)

Það sem flestum flýgur í hug við að heyra orðið hefð er einhver athöfn innan fjölskyldu eða hóps sem heldur áfram kynslóð eftir kynslóð. Við höfum til að mynda jólahefðir, hefðir tengdar afmælum, fermingum og fleira. Hefðir endurspeglar oft eitthvað sem hefur merkingu fyrir hópinn sem á hefðina, því að ef merkingin væri engin væri ólíklegt að athöfn væri endurtekin og hún yrði þannig ekki að hefð. En þótt hefðir séu síendurteknar eru þær þó ekki alltaf framkvæmdar nákvæmlega eins í hvert skipti (Sims og Stephens, 2005:64-66). Sauðfjárnætur eiga sér margar hefðir, sem markast flestar af fjölbreytni búskaparársins. Þegar verið er að tala um aðgerðir eins og að gefa hverju lambi AB-mjólk strax eftir fæðingu er hægt að tala um hefðir.

Til að hefðir viðhaldist þarf einhver að taka það að sér að miðla þeim áfram til fleiri einstaklinga sem bera þær áfram og koll af kalli. Þeir sem þetta gera hafa verið nefndir hefðarberar en sænski þjóðfræðingurinn Carl Wilhelm von Sydow (1878-1952) bjó fyrstur til skilgreininguna um þetta hugtak (von Sydow, 1999:137-139). Til eru tvennskonar gerðir af hefðarberum: virkir (*e. active tradition bearers*) og óvirkir hefðarberar (*e. passive tradition bearers*) og finnast báðar gerðirnar í flestum samfélögum. Virku hefðarberarnir eru þeir sem halda hefðum á lofti og miðla þeim til annarra (von Sydow, 1948:12). Óvirku hefðarberarnir eru þeir sem hafa heyrt um og þekkja til tiltekinna hefða og/eða sagna og hvað þær innihalda, vita út á hvað hefðirnar ganga ef þeir eru inntir eftir því en gera ekkert í því að dreifa þeim eða halda þeim gangandi (von Sydow, 1948:12-13, 49). Sé enginn virkur hefðarberi eftir til að miðla einhverri hefð mun sú hefð hverfa. Þó er stundum hægt að fá upplýsingar um hefðina ef óvirkir hefðarberar eru ennþá til staðar (von Sydow, 1948:14).

### 2.4.1 Siðvenja (*e. custom*)

Siðvenja er endurtekið mynstur við að gera eitthvað og felur yfirleitt í sér einhverskonar orð, eða gjörðir, sem marka þær frá hversdagslegu mynstri (Sims og Stephens, 2005:16). Í samhengi við sauðfjárlækningar er því kannski í sumum tilfellum réttara að tala um siðvenju frekar en hefð, þar sem um er að ræða meðhöndlun á atvikum sem koma almennt upp með óreglulegum hætti og þá jafnvel aðeins örfáum sinnum á búskapartíð sumra bænda. Þótt bæði orðin hefð og siðvenja gefi lítið svigrúm til að telja með þá tilraunastarfsemi sem bændur stunda við óhefðbundnar sauðfjárlækningar hefur orðið

siðvenja opnari skilgreiningu og er því meira viðeigandi í samhengi við lækningar með óhefðbundnum leiðum. Hefð á þó betur við þegar verið er að vísa til fyrirbyggjandi aðgerða gegn vissum sjúkdómum þar sem slíkt gerist reglulegar, t.d. einu sinni á ári.

### 3 Aðferðarfræði

Þegar verið er að vinna að félagsfræðilegum rannsóknum er notast við tvennskonar rannsóknaraðferðir. Eigindlegar rannsóknir (*e. qualitative research*) eru sveigjanlegri og opnari og einblína á að afla dýpri upplýsinga, upplifana og tilfinninga um viss fyrirbæri frá færri einstaklingum (Kumar, 2011:20). Meginlegar rannsóknaraðferðir (*e. quantitative approach*) eru notaðar til að ná víðtækari skilningi á algengi eða útbreiðslu fyrirbæra með því að afla gagna frá stærri hóp en almennt er farið mun grynna í viðfangsefnið (Kumar, 2011:20). Báðar þessar aðferðir hafa sína styrkleika og veikleika og því er nauðsynlegt að skilja takmarkanir beggja aðferða og velja aðferðarfræði fyrir hverja rannsókn út frá því.

Segja má að notast verði við bæði eigindlega og meginlega rannsóknaraðferð í þessari rannsókn. Spurningakönnun sem gerð var bauð ekki upp á að fara eins djúpt í viðfangsefnið og viðtöl gefa tækifæri til en flestar spurningarnar voru opnar og gáfu fólki svigrúm til að koma sínum frásögnum á framfæri. Sömu sögu er að segja um svör við spurningaskrá þjóðháttasafnsins. Svarandi ritar sjálfur sín eigin svör og leggur eigin túlkun í spurningarnar en formið býður upp á að senda inn ítarlegar frásagnir og sögur af viðfangsefninu.

Rannsóknin byggir aðallega á frumgögnum. Annarsvegar gögnum sem safnað var frá þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands og eru aðgengileg inn á sarpur.is. Hinsvegar svör við spurningakönnun sem höfundur setti inn á internetið. Svör við henni eru í vörslu höfundar. Til viðbótar var leitað að upplýsingum inn á timarit.is, scholar.google.com og hjá Héraðsskjalasafni Austurlands.

#### 3.1 Þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins

Á aldarafmæli Þjóðminjasafns Íslands árið 1963 var ákveðið að koma á fót þjóðháttadeild við safnið til að annast skráningu og úrvinnslu heimilda um íslenska þjóðhætti (Kristján Eldjárn, 1963:50-51). Upphaf þessarar söfnunar var þó um 1960 þegar Þjóðminjasafnið



hafði skipulega söfnun á heimildum um lífshætti hér á landi. Í dag eru aðalspurningaskrárnar orðnar 133 ásamt 40 aukaskráum um ýmis efni tengd íslenskum hefðum og háttum (Þjóðminjasafn Íslands, e.d). Spurningalistar þjóðháttadeildarinnar gefa okkur innsýn í líf almennings þess tíma varðandi efni sem þá þóttu hversdagsleg en þykja jafnvel sérstæð í dag.

Upplýsingar tengdar óhefðbundnum sauðfjárlækningum var að finna víðsvegar í spurningaskráum þjóðháttasafnsins. Fyrst ber að nefna spurningaskrá 8, *Fráfærur I* sem var send út í nóvember 1962. Stuðst var við spurningar sem snertu júgurbólgu og undirflog. Einnig systurskrá hennar 8a, *Fráfærur II* sem var safnað á viðtalsformi í stúdentasöfnun árið 1976. Stuðst var við sama efni og í fyrri spurningaskrá. Spurningaskrá 19a, *Lækningajurtir* var send út 1969 og var að finna eitthvað af upplýsingum þar þótt efnið snerti ekki húsdýr á nokkurn hátt. Í spurningaskrá 25, *Fjallagrös* sem send var út í maí 1972 var stuðst við spurningar er vörðuðu fjallagrös til lækninga. Í spurningaskrá 33, *Sauðfé. Fjárhús; hirðing og fóðrun. Geitfé* sem send var út í apríl 1976 var stuðst við spurningar er vörðuðu sjúkdóma í sauðfé. Í október 1991 var send út spurningaskrá 76, *Meindýr* og leyndust hér upplýsingar um músátu í sauðfé og hvernig ætti að verjast henni. Að lokum var það spurningaskrá 92, *Um tóbakshætti* sem var send út í mars 1997. Þar leyndist ógrynni af upplýsingum um notkun tóbaks til lækninga og aflúsunar.

### **3.2 Spurningalisti á netinu**

Spurningalistar eru gagnlegt tæki sem hægt er að nýta sér til að afla gagna frá einstaklingum. Þegar verið er að ákveða besta gagnaöflunarkostinn fyrir rannsókn þarf að hafa ýmislegt í huga, til að mynda eðli rannsóknarinnar, staðsetningu þess hóps sem rannsóknin nær til og hvers eðlis hópurinn er. Þegar þessum spurningum hefur verið svarað er hægt að taka ákvörðun um hvort viðtal eða spurningalisti sé hentugri kostur fyrir viðfangsefnið (Kumar, 2011:148). Helsti munur á spurningalista og viðtali er sá að einstaklingurinn sem situr fyrir svörum ritar sjálfur niður svör sín, en þannig geta svörin tapað frásagnargleði og einnig er hætt á að spurningarnar geti misskilist og svörin verði því ekki alveg í takt við það sem spurt var um. Því þarf að reyna að gæta þess að spurningar séu auðskildar, spurningalistarnir vel upp settir og flæðið sé samskonar því sem yrði, væru samræður í gangi um viðfangsefnið (Kumar, 2011:145).

Frá upphafi var lagt upp með að hluti rannsóknarinnar yrðu óhefðbundnar samtíma-sauðfjárlækningar en ekkert efni var til fyrir þann hluta. Því var ákveðið að gera rafræna spurningakönnun í gegnum Google Forms þar sem 158 einstaklingar sendu inn svör, allstaðar að af landinu (sjá viðauka I). Með þessu var reynt að fá mynd af því hvort og þá hvernig óhefðbundnar sauðfjárlækningar eru stundaðar í samtímanum og af viðhorfi bænda til þeirra. Nánari útlistun á spurningalistanum og svarendum hans er í kafla 6.1.

### **3.3 Staða þekkingar**

Lítið hefur farið fyrir þjóðfræðilegum rannsóknum á viðfangsefninu hér á landi og því var upplýsingum sankað saman úr ýmsum ólíkum áttum. Þegar á hólminn var komið reyndist ekki vandamál að finna upplýsingar um óhefðbundnar sauðfjárlækningar áður fyrr, heldur lá vandinn í því að draga línuna á góðum stað. Ætla má að ómældan fjársjóð um þetta efni megi finna á héraðsskjalasöfnum landsins, ritaðan af fræðimönnum og fyrirmönnum í bændasamfélaginu, frá því um og fyrir 1900. Hversu vel skráðar eða aðgengilegar þær upplýsingar eru er hinsvegar erfitt að segja til um.

Engar heimildir virtust vera til um nútímaviðhorf íslenskra bænda gagnvart óhefðbundnum lækningum, hvorki í sauðfjárbúskap né öðrum búgreinum. Koma því allar upplýsingar er varða það efni frá spurningakönnun höfundar.

## 4 Frá kotbúskap til vísinda

### 4.1 Saga sauðfjár á Íslandi

Íslenska sauðkindin er evrópskt stuttrófukyn sem kom hingað til lands með landnámsmönnum frá Noregi (Stefán Aðalsteinsson, 1981:17, 20). Það gekk þó ekki hnökralaust fyrir sig og kom fyrir að landnámsmenn misstu allan sinn búpening yfir vetrartímann, t.d. þeir Hrafna-Flóki og Helgi magri (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000:11). Aðrir lærðu þó að hyggja betur að vetrarforðanum og því eigum við enn okkar sterku íslensku búfjárstofna. Í upphafi 18. aldar voru tæplega 280.000 kindur í landinu, en það eru fyrstu áreiðanlegu tölur um fjárfjölda. Fjárflest var á landinu árið 1978, þá gengu hér um 890.000 kindur (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000:18-19), en fé hefur markvisst fækkað síðan og samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar voru hér rétt rúmlega 400.000 fjár árið 2020 (Hagstofa Íslands, e.d.a).

Sauðkindin er mikil nytjaskepna. Ullin og skinnið er nýtt til klæða og kjöt og mjólk til matar og í raun var um tíma allt nýtt sem kom frá kindinni nema klaufir og gor (Stefán Aðalsteinsson, 1981:13, 21). Í dag er það helst kjötið og ullin sem er nýtt. Hætt var að mjólka sauðfé í upphafi 20. aldarinnar með örfáum undantekningum, en þá þótti sú iðja vera heldur vinnuafsfrek (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000:72). Það horfir þó til breyttra tíma en á síðustu árum hefur örlítið borið á nýsköpun á nýtingu sauðamjólkur, t.d. í konfekt og ostagerð („Úr sauðagulli...“, 2020) samhliða samdrætti í neyslu landans á kindakjöti (Hagstofa Íslands, e.d.b).

Ekki er mikið skrifað um sauðfjársjúkdóma fyrr á öldum. Fyrst eftir siðaskipti voru sjúkdómar oft skrifaðir á galdra og sendingar frá ósáttum nágrönnum en hugmyndirnar breyttust fljótlega á 18. öld (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000:88). Segja má að það séu fernir lífgripaflutningar hingað til lands sem hafi haft mest áhrif á íslensku sauðkindina, hvað varðar sjúkdóma. Bændur og samstarfsfólk þeirra hafa unnið hörðum höndum að útrýmingu þessara sjúkdóma og haft betur í sumum tilfellum á meðan aðrir valda enn búsfjum hér á landi. Fyrst má nefna árin 1762 og 1856 þegar fjárkláðinn kom með lifandi gripum (Sigurður H. Richter og Matthías Eydal, 1997). Í fyrri kláðanum drapst um 60% fjár í landinu, en sá síðari var ekki eins skæður (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000:92). Næst var það árið 1878 þegar riðan kom til landsins með hrút frá Danmörku (Páll Agnar Pálsson, 1979) og um áhrif þess þarf ekki að tíunda, enda er sá

sjúkdómur ennþá að plaga bændur og búalið. Síðast en ekki síst fengum við garnaveiki, votamæði og þurramæði í kaupbæti með karakúlfé frá Þýskalandi árið 1933 (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000:96). Mátti finna skrautlega lýsingu af síðastnefnda innflutningnum hjá heimildarmanni Þjóðháttasafnsins:

Karikúlhrútur kom í Daðastaði, næsta bæ sunnan við Hóla. Ég man að við bræður í Hólum vorum að tala um það sumarið eftir, að hrússi kom, þvílík hörmung var að sjá Daðastaðaærnar sumar, þær væru grúthoraðar, en þó að springa úr mæði, og gengu hvorki undan manni eða hundi. Og var þetta nýlunda, því féð var ávallt vel á sig komið á Daðastöðum, ævinlega nóg hey og meðferð til fyrirmyndar. En við þurftum ekki lengi að bíða. Árið eftir var þetta komið í það sama hjá okkur. [...] tók það nokkra mánuði að skepnan drægist upp, stundum aðeins nokkrar vikur og engri kind batnaði, sem veiktist. Ég tel þetta tímabil, þegar mæðiveikin geysaði, það hörmulegasta í minni búskaparsögu (ÞP 8162).

## 4.2 Tilkoma dýralækna í samfélagið

Þrátt fyrir að hér á landi hafi nánast frá upphafi búið fleiri dýr en menn, var skipun dýralæknis á Íslandi seint sótt. Árið 1863 sendi Danakonungur danska sníkjudýrafræðinginn Harald Krabbe til Íslands til að kortleggja sullaveiki í mönnum og dýrum, sem virðist vera fyrsta embættisathugun á dýraheilbrigði á Íslandi. Á meðan á heimsókninni stóð skrifaði hann ýtarlegar lýsingar á öllu sem fyrir bar og gaf þær út ásamt því að gefa út leiðbeiningarit um hvernig mætti berjast gegn sjúkdómnum (Ivan Katic, 2000:105, 107). Fyrsti íslenski dýralæknirinn sem ríkið réð til vinnu var ráðinn 1871-1874 til að reyna að eiga við og uppræta síðari fjárkláðann, en ekki þóttu not fyrir hann eftir það verk (Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000:100). Fyrstur til að ljúka námi var Teitur Finnbogason árið 1833, en hann fékk aldrei nein föst laun fyrir að vinna dýralæknastörf hér á landi (Brynjólfur Sandholt, 2004:12-13). Á þeim tíma hafði komið skipun frá Danakonungi um að bregðast þyrfti við vegna aukinna búfjársjúkdóma á Íslandi og því ætti að senda „vel hæfan námsmann“ til náms í Danmörku að nema dýralækningar þriðja hvert ár á kostnað landsmanna, sem tæki svo til starfa á Íslandi. Teitur var þó sá eini sem sendur var á þessum forsendum (Brynjólfur Sandholt, 2004:25).

Árið 1887 skrifaði Hermann Jónasson, búfræðingur og fyrrum alþingismaður, í *Þjóðólf* um mögulegt starf dýralæknis á Íslandi til þess að kenna mönnum að koma í veg fyrir sjúkdóma og fara með veikar skepnur ásamt því að fræða menn um eðli skepna til þess að hægt væri að hafa hraustan búpening í landinu. Hann taldi hinsvegar ólíklegt að

dýralæknar gætu lifað eingöngu af dýralækningunum sjálfum, því að ekki gætu héraðslæknarnir það, en þótti þó réttast að stofna eitt dýralæknaembætti til að byrja með (Hermann Jónasson, 1887). Stuttu síðar voru fyrstu lög um dýralækna sett á Alþingi, eða árið 1891, og var Magnús Einarsson fyrstur skipaður embættisdýralæknir samkvæmt þeim lögum árið 1896 og sá næsti kom til starfa 1910 (Brynjólfur Sandholt, 2004:25). Dýralæknafélag Íslands var svo stofnað árið 1934 í tilefni þess að íslenskum dýralæknum fjölgaði um 50% það sumarið, úr fjórum í sex (Brynjólfur Sandholt, 2004:10). Síðan þá hefur dýralæknum hér á landi fjölgað hægt og sígandi og nú hafa 217 dýralæknar starfsleyfi á Íslandi (Mast, 2020).

Fyrsti dýralæknirinn hafði varla lokið námi áður en hann fór að rita í íslensk tímarit um dýralækningar. Með því var hann að reyna að vekja landsmanna til umhugsunar um að nýta sér ráð frá einstaklingum með læknisfræðilega þekkingu frekar en að fylgja kreddulækningum sem menn höfðu fengið í arf frá fyrri tímum. Svo virðist sem honum hafi blöskrað sú hefð dýralækninga sem hafði unnið sér sess hjá landanum og fundist landsmenn ekki nógu gagnrýnir í hugsun þegar kom að lækningum dýra:

En dýra-skottulækningar – það mun vera hugmynd, sem almenningur aldrei hefur látið sjer detta í hug eða ef til vill á ekki til í eigu sinni, því að allt það, sem gjört hefur verið í lækningaskyni við sjúk dýr hjer á landi, er álitid blátt áfram góð og gild lækning án nokkurrar „skottu“ framan við og án tillits til þess, hversu mjög það kann að vera andstætt heilbrigðri skynsemi, hvað þá skynsamlegri læknisaðferð (Magnús Einarsson, 1897).

Svo virðist sem tilkoma menntaðra dýralækna eða ákall Magnúsar sjálfs hafi breytt hugarfari íslenska sauðfjárbóndans næstu áratugina. Kannski var þörfin orðin það mikil fyrir lausnir á vandamálum, t.d. bráðapest og lungnaveiki sem landinn hafði barist við með litlum sem engum árangri, að eftir að lausnir fengust við þeim vandamálum vildi enginn líta til baka til gamla tímans. Tilkoma bólusetninga og sýklalyfja gerbreytti baráttunni við marga erfiða sjúkdóma (Jón Traustason og Jón Viðar Jónmundsson, 2000:89-90; Eggert Gunnarsson, 2004:240-242). Í svörum við spurningaskrár þjóðháttasafnsins (sem rituð eru frá 1962-1997) má vel merkja viðhorf svarenda að þau ráð sem eru talin upp séu eitthvað sem ekki sé viðhaft lengur heldur gömul ráð og hefðir sem ekki tíðkist í tíðaranda ritunartímans. Því virðist sem tímarnir hafi breyst hratt frá lækningum alþýðunnar yfir í lækningar sem framkvæmdar voru og/eða fyrirskipaðar af dýralæknum.

### 4.3 Óhefðbundnar dýralækningar

Óhefðbundnar dýralækningar er vísindagrein sem oft hefur verið horft framhjá í heiminum en er þó að fá aukið vægi (McGaw og Abdalla, 2020:1). Þar sem óhefðbundnar dýralækningar hafa verið, og eru enn, stundaðar um allan heim ætti að vera um auðugan garð að gresja varðandi þekkingu en þó er furðufátæklegt úrval varðandi birtingar á efni. Leiti maður fræðigreina á sviðinu inn á Google Scholar er megnið af því sem kemur upp rannsóknir frá Afríku- og Asíulöndum þótt inn slæðist ein og ein frá öðrum heimshornum eða almenns eðlis. Þessar rannsóknir snúast að megninu til um raunvirkni plantna til lækninga á dýrum en einnig finnast upplýsingar um sjaldséðari efni til lækninga, svo sem þvag eða ösku. Svo virðist sem engar rannsóknir hafi verið gerðar á þessu sviði á Íslandi til dagsins í dag.

Það var fræðimaðurinn Constance McCorkle sem fyrst skilgreindi „*Ethnoveterinary research and development*“. Hún sagði að grófa skilgreiningin væri að það „næði yfir rannsóknir og þróun sem hefðu miðpunkt sinn í alþýðuþekkingu og viðhorfum (kenningum, flokkunarfræði, skilgreingum og greiningum, o.s.frv.), venjum, tækni og auðlindum, félagslegum samtökum og fleiru sem viðkemur á einhvern hátt heilsu dýrategunda sem er haldið eða stýrt af mannfólki“ (McCorkle, 1986). Seinna skilgreindi hún hugtakið sem „kerfisbundna hagnýtingu á þekkingu, framkvæmd og kenningum alþýðudýralækninga innan heildræns og samanburðarhæfs ramma bútengdra framleiðslukerfa“ (McCorkle, 1989). Heildarsýn McCorkle tekur því alltaf mið af þekkingu alþýðunnar frá ýmsum svæðum um þau húsdýr sem þar eru haldin fólki til lífsviðurværis og tekna, og markmið vísindagreinarinnar er að auka heilbrigði og afurðir þeirra skepna með þekkingu alþýðunnar.

Með vaxandi umræðu um sýklalyfjaónæmi og þörfina á nýjum leiðum til meðhöndlunar sjúkdóma (Ventola, 2015), þá sérstaklega í landbúnaði, má segja að skapast hafi fullkomið umhverfi fyrir óhefðbundnar lækningar að stíga aftur í sviðsljósið. Þó er ekki hægt að segja að þær hafi ekki alltaf verið í aðalhlutverki. Í kringum síðustu aldamót reiddu um 80-90% fólks í heiminum sig aðallega á óhefðbundnar lækningar fyrir sjálft sig, og má ætla að hlutfall slíkra lækninga í tengslum við búpening sé svipað (McCorkle, 1997:189). Oft eru líkindi með þeim óhefðbundnu meðferðum sem notaðar eru til lækninga á mönnum og dýrum innan svæða, þótt þær geti verið mjög ólíkar á milli

svæða og landa (McCorkle og Martin, 1998; Pieroni et al., 2004; Chakale et al., 2021). Mikinn samhljóm má heyra um að þrátt fyrir að margar meðferðir innan óhefðbundinna dýralækninga séu hjálplegar séu vissulega inn á milli meðferðir sem eru hreinlega skaðlegar og siðferðislega rangar og þeim ætti að reyna að útrýma sem fyrst (Veen, 1997; McCorkle og Martin, 1998; Abo-EL-Sooud, 2018).

## 5 Fyrir á öldum

Í þessum kafla verður leitast við að skoða óhefðbundnar sauðfjárlækningar í eldri heimildum og gera grein fyrir umfangi og mikilvægi þeirra í sveitasamfélaginu áður fyrir. Ekki verður einblínt á að gera grein fyrir aðferðum sem gætu talist nothæfar í samfélagi nútímans, frekar hvaða siðvenjur voru viðhafðar í meðhöndlun sjúkdóma í sauðfé í samfélagi þess tíma. Þar sem dýralæknar voru ekki á hverju strái þurftu margir ómenntaðir í þeim fræðum að taka til verka við meðhöndlun sjúkra dýra en sum handtök voru kennd í bændaskólum landsins:

Það var mjög algengt að sjóða saman fleiri jurtir og gera úr þeim smyrsl. Einkum voru það þá meðul sem hægt var að geyma, og voru það mest meðul fyrir skepnur. En notkun þeirra hafði borist með búfræðingum frá Eiðaskóla, þar lærðu þeir húsdýrasjúkdómafræði. Á þeim tíma sannfærðust margir um lækningamátt íslenskra jurta, bæði fyrir menn og skepnur (ÞP 1597).

### 5.1 Sjúkdómar í lömbum

Ekki virðist mikið hafa verið gert úr sjúkdómum í ungum lömbum hér áður fyrir. Mögulega var minna smítálag meðan það tíðkaðist að leyfa fénu að bera úti, eða mögulega þótti ekkert stórmál að missa eitt og eitt lamb. Í Skagafirði var reynt að tryggja að lömb fæddust heilbrigð, en þar trúði fólk að hægt væri að koma í veg fyrir að lömb fengju fjöruskjögur með því að beita ekki ánum í fjörur síðustu mánuðina fyrir burð (ÞP 4058). Önnur ráð voru heldur sársaukafyllri fyrir lömbin. Fólk taldi að veiktist lamb af mænusótt væri hægt að lækna það með því að klippa þriðjung neðan af dindli lambsins (Jónas Jónasson, 1961:167). Sömuleiðis átti það að hanka lömb að verja þau fyrir hjartveiki. Þá var togband dregið gegnum skinnið á hálsinum til að draga út vonda vessa (ÞP 4036).

Í handriti sem geymt er á Héraðsskjalasafni Austurlands og kemur frá hjónunum Einari Bjarnasyni og Kristjönu S. Einarsdóttur má finna uppskrift námsefnis um sjúkdóma

húsdýra, sennilega upprunna frá Búnaðarskólanum á Eiðum í Eiðabínghá. Þar er farið út í mikilvægi þess að fóðra ærnar rétt um meðgöngutímann til að minnka líkur á því að unglömbin fái sýkingu að vori (Einar Bjarnason og Kristjana S. Einarsdóttir, e.d.:114). Í sama handriti er farið yfir hvernig lækna skuli skitu hjá unglambi. Byrja skal að gefa því 2-3 matskeiðar af uppsprettuvatni, ekki mjög köldu, sem fylgt er eftir með einni teskeið af lyfjalýsi. Þar á eftir deig sem samsett er af muldri krít og bygg- eða rúgmjöli, sex gr af hvoru (Einar Bjarnason og Kristjana S. Einarsdóttir, e.d.:115). Stundum voru gefin inn fjallagrös soðin í mjólk við niðurgangi í lömbum (ÞP 2597). Skita herjaði sérstaklega á ásetningslömb á haustin, en sú umræða verður tekin nánar í kafla 5.3. Þar sem flest skitutengd ráð voru ekki flokkuð eftir aldurshópum gripanna.

### 5.1.1 Burðartengd vandamál í ám

Ýmsar jurtir voru notaðar til að hjálpa þegar ær skiluðu ekki frá sér hildum eftir burð. Karlmaður fæddur árið 1885 sagðist hafa góða reynslu af notkun blóðbergsseyðis (*Thymus praecox*) við slíkt (ÞP 1789). Annarstaðar voru lyngtegundir aðrar en beitilyng (*Calluna vulgaris*) soðnar til þess að losa hildir hjá kindum (ÞP 1562). Karlmaður af Jökuldal fyrir austan sagði það óbilandi ráð að sjóða eini (*Juniperus communis*) með laufi og öllum smáöngum í lengri tíma og gefa það inn (ÞP 1595) og var tekið undir þetta af öðrum svaranda þjóðháttasafnsins (ÞP 2799).

## 5.2 Júgurvandamál

Fyrr á öldum var sauðfé nýtt á fleiri máta en nú þekkist. Lengi vel voru ær mjólkaðar, en þá þurfti að færa lömbin frá ánum og reka þau á afrétt ásamt geldfé og dilkám, á meðan kvíærnar voru hafðar heima við eða í seli (Jónas Jónsson, 2013:12). Var þetta kallað fráfærur. Sauðamjólkin var nýtt í smjör, skyr og sumstaðar ostagerð. Því var mikilvægt að júgurheilsa fjárens væri góð svo hægt væri að tryggja heilnæmi og nýtingu afurðarinnar. Júgurbólga og undirflug voru og eru þekkt júgurvandamál í sauðfé en menn voru ekki sammála hvort um væri að ræða sama eða sitt hvorn sjúkdóminn. Því verða ráðin hér tekin saman undir nafninu júgurbólga til að einfalda umfjöllunina. Ýmis lækningaráð voru þekkt við júgurbólgu en almennt talið að illa gengi að lækna sjúkdóminn engu að síður. Ráðin komu bæði úr jurta- og dýraríkinu sem og frá dauðum hlutum/steinefnum og verður farið yfir þau í hópum hér.



Þegar reynt var að grípa inn í með úrræðum úr jurtaríkinu var algengast að bera meðferðina á júgrið. Oft voru það smyrslí úr grösom, t.d. lyfjagrasí (*Pinguicula vulgaris*) (Jónas Jónasson, 1961:172; ÞÞ 476, ÞÞ 512, ÞÞ 518, ÞÞ 729, ÞÞ 1684) eða vallhumli (*Achillea millefolium*) (ÞÞ 484, ÞÞ 504, ÞÞ 533, ÞÞ 646, ÞÞ 693, ÞÞ 2297, ÞÞ 15178, ÞÞ 15191, ÞÞ 15225, ÞÞ 15245, ÞÞ 15248, ÞÞ 15253, ÞÞ 15255, ÞÞ 15280), stundum báðum jurtunum (ÞÞ 493, ÞÞ 514, ÞÞ 1542), jafnvel ásamt fleiri jurtum. Algengast var að jurtirnar væru soðnar í nýju smjöri eða bakstur gerður úr þeim, en lyfjagrasinu var stundum blandað saman við hverfisteinsleðju (ÞÞ 508, ÞÞ 881). Smyrslí úr lyfjagrasí hefur t.d. verið notað við bólgum og gömlum sárum á meðan vallhumallinn er sagður hafa uppleysandi og blóðhreinsandi áhrif en smyrslí af honum þykja einnig góð gegn bólgum (Guðrún Helga Sigurðardóttir, 1993:29). Það er því vel skiljanlegt að þessar jurtir hafi verið valdar sem meðferð við júgurbólgu. Að gefa inn kamillute tvisvar á dag (ÞÞ 753), nota fýsisvepp (*Bovista nigrescens*) (ÞÞ 473) eða mygluskán undan báshellu í fjósi í bakstur sem lagður var við júgrið (ÞÞ 729), voru minna útbreidd ráð sem þó voru reynd í baráttunni við sjúkdóminn.

Þegar leitað var meðferða við júgurbólgu úr dýraríkinu var lýsi algengasta meðferðin (ÞÞ 476, ÞÞ 481, ÞÞ 527, ÞÞ 618, ÞÞ 15347). Var andanefjulýsi sagt duga vel við júgurbólgu (ÞÞ 527 ÞÞ 1684, ÞÞ 15134), en fólk nýtti einnig kóplýsi (ÞÞ 1313) og keilulýsi (ÞÞ 15116, ÞÞ 15119, ÞÞ 15126, ÞÞ 15194). Var lýsið unnið þannig að lifrin var hirt úr visknum og sett í líknarbelgsskjóður og látin bráðna sjálf, síðan var hún sigtuð og lýsið látið á flösku. Lýsið var svo borið á júgrin eftir þörfum (ÞÞ 15126). Þónokkrir báru feiti á júgrin (ÞÞ 484, ÞÞ 998, ÞÞ 15106) og var ekki alltaf greint frá uppruna hennar en ein gerð þótti bera af: „Hundafeiti þótti óbrigðult meðal við júgurbólgu. Var þá soðið kjötið þegar hundi var lógað og flotið af því geymt vandlega til að nota við júgurbólgu“ (ÞÞ 521). Eggjarauða var sömuleiðis borin á júgrin til að meðhöndla júgurbólgu (ÞÞ 594, ÞÞ 15248). Möguleg ástæða þess sem meðferðarráðs gæti komið frá trúnni á að fugl ylli sjúkdómnum, en sagt verður frá því frekar hér á eftir. Því væri um einhverskonar hefndaraðgerð að ræða með því að bera eggjarauðu á júgrið. Nokkur ráð voru minna útbreidd og jafnvel aðeins minnst á af einum heimildarmanni. Má þar nefna að bera súrt skyr á júgrið (ÞÞ 686), eða lækna júgurbólguna með joði og fiskgalli (ÞÞ 3876).

Að lokum má nefna lækningameðferðir sem teljast utan plantna og dýraafurða. Þar voru ráð eins og að baða júgrið upp úr grænsápu (ÞÞ 510, ÞÞ 646, ÞÞ 766), smyrja á það hrátjörü (ÞÞ 473, ÞÞ 493, ÞÞ 3003), nota terpentínu (ÞÞ 493, ÞÞ 496, ÞÞ 753) eða fernisolíu (ÞÞ 492, ÞÞ 510, ÞÞ 766). Leðjan sem myndast við að ljár er dreginn á hverfisteini þótti einnig upplögð til að bera á bólgin júgur til lækninga (ÞÞ 473, ÞÞ 492, ÞÞ 508, ÞÞ 510, ÞÞ 562, ÞÞ 881, ÞÞ 15035, ÞÞ 15225). Eftir að steinolía fór að berast til landsins var hún borin á júgur, að því er mörgum þótti með góðum árangri (ÞÞ 470, ÞÞ 473, ÞÞ 493, ÞÞ 504, ÞÞ 521), en þó voru ekki allir sammála um það (ÞÞ 890, ÞÞ 3003). Kolamakstur úr fínt muldum steinkolum hnoðuðum saman við ósaltað smjör þar til það varð að deigi var borinn á júgrið kvölds og morgna og þótti gefast vel (ÞÞ 600). Áburður var þó ekki talinn eina lækningin. Stundum var brennisteinn brenndur undir júgrinu til að svæla burt veikina (Jónas Jónasson, 1961:176; ÞÞ 476, ÞÞ 512), eða glóð borin undir júgrið og mjólkað ofan í hana í sama tilgangi (ÞÞ 881). Einnig voru dæmi um að skorið væri í bólguna (ÞÞ 693), oft til að hleypa út greftri sem var í júgrinu (ÞÞ 497, ÞÞ 509, ÞÞ 470). Í sumum tilfellum var júgrið skorið burt (ÞÞ 478). Ærnar hafa eflaust þjáðst mikið við þetta, enda tíðkaðist ekki að deyfa dýrin á þessum tíma, en sem betur fer virtist siðurinn ekki hafa verið útbreiddur. En þótt flestir teldu júgurbólguna vera dauðadóm fyrir skepnu voru þó alltaf ráð sem sumir bændur voru vissir um virknina á. Hér er eitt dæmi:

Júgurmein komu nokkuð oft fyrir á mínu heimili, en ég man ekki að annað meðal væri notað en blásteinsvatn. Það var öruggt, ef það var notað í tíma, en væri blóðeitrun komin í júgrið, var ærin dauðadæmd. Ég vissi mörg dæmi til þess, að gróf í júgrinu þó ánni batnaði við blásteinsvatnið. Var stundum að grafa í þeim fram á haust. Sá helmingur, sem gróf í visnaði algjörlega og var ærin einspena eftir það. Þær virtust þó fæða lömb sín og mjólka í kvíum eins og aðrar ær, enda segir málshátturinn: „Lengi mylkir einspeni“ (ÞÞ 626).

Þar sem kvíærnar voru mikilvægur hluti af bústofninum var margt gert til að reyna að tryggja þeim heilbrigði og farsæld, sem á tímum spurningaskrána var orðið að hjátrú að mati svarendanna. Dæmi um slík ráð var t.d. að hafa hrafninnu í kvíunum, en sá ókostur fylgdi því að þá kom mjaltakonunum illa saman (ÞÞ 527). Því var trúað að hægt væri að koma júgurbólgunni yfir á annan bæ með því að farga sýktu júgra í landareign annars bónda þar sem fé hans gekk (Jónas Jónasson, 1961:176). Froðukross var settur á ærnar eftir mjaltir, ýmist á rasskinn, júgrið eða á hrygg ærinnar, þetta var gert til að verja þær fyrir illum vættum og undirflogi (ÞÞ 476, ÞÞ 497, ÞÞ 514, ÞÞ 533, ÞÞ 1542, ÞÞ 1818,

ÞP 2717, ÞP 3003, ÞP 3876). Undirflogið var yfirleitt útskýrt með því að ærnar væru snakksagnar eða að fugl hefði flogið undir þær og skaðað júgrin. Fjölmargar tegundir voru nefndar sem sökudólgar veikindanna, t.d.músarindill (ÞP 15034, ÞP 15045) og jafnvel fálkinn (ÞP 15116).Tvær voru þó oft nefndar og ekki allir á einu máli um hvor þeirra það væri sem olli skaðanum og gátu umræðurnar orðið ansi heitar um þetta efni:

Hér vil ég geta þess, þó að ómerkilegt sé, að ég hefi alloft séð hrossagauk hanga í ull á sauðfé og baksa með vængjunum. Þetta hefi ég þó aldrei séð hann gera nema kindin hafi verið nærgöngul við egg hans eða unga. Trúin á snakk var víst farin að dofna. Aftur á móti var steindepli og hrossagauk kennt um undirflog. Man ég eftir mögnum deilum um hvort hrossagaukur eða steindepill ætti sök á undirflogi (ÞP 729).

### 5.3 Meltingartengdir kvillar

Algengasti meltingartengdi kvillinn sem reynt var að lækna í sauðfé hér áður fyrr var niðurgangur eða skita, en hún sótti mikið á gemlinga að hausti en stundum einnig eldra fé. Oft var tóbak (*Nicotiana* sp.) notað til lækninga og þekktist að notað væri bæði baðtóbak (blaðtóbak) og/eða rulla (munntóbak) (ÞP 4017, ÞP 4020, ÞP 4032, ÞP 4079, ÞP 4127, ÞP 4592, ÞP 12629, ÞP 12690, ÞP 12824; Jónas Jónasson, 1961:176). Sumstaðar þótti virka betur að sjóða tóbakið í vatni og búa til tóbakslög sem var svo hellt ofan í kindina (ÞP 4592, ÞP 6083, ÞP 9737, ÞP 12581, ÞP 12599, ÞP 12691), því sem samsvaraði um einum pela (ÞP 12590). Stundum virtist virka að sprauta litlum skammti af steinolíu inn í endaparm kindarinnar til að lækna skitu (ÞP 6083). Þegar skitupestin geisaði í gróandanum á vorin þótti virka vel að gefa mulinn hundaskít í mjólk eða mysu (Jónas Jónasson, 1961:176).

Heimildarmenn þjóðháttasafnsins þekktu til notkunar á ýmskonar jurtum til að lækna skitupestir í sauðfé. Sortulyngsseyði (*Arctostaphylos uva-ursi*) reyndist ýmsum bændum vel og þótti verka hratt, helst nýttint lyng og soðið í um þrjá klukkutíma (ÞP 1801, ÞP 2928, ÞP 4592). Seyði af rjúpnalaufum (*Dryas octopetala*) þótti gefa vel bæði fyrir menn og sauðfé, stundum með viðbættum sykri. Lyf þetta þótti geymast einstaklega vel á flöskum og verða áhrifameira því eldra sem það varð (ÞP 1591, ÞP 2317). Fjallagrös voru stundum nýtt handa fé við skitu, þá seydd í vatni og síðar maukuð og gefin inn í mauki (ÞP 2719). Njólarætur (*Rumex longifolius*) voru stundum soðnar og gefnar inn við skitu (ÞP 2941). Sömu sögu var að segja um seyði af birkiberki (*Betula pubescens*) (ÞP 1789) og einiberjum (ÞP 1672).

Í Búnaðarskólanum á Eiðum var kennt að ef kind hefði fengið skitu en æti eðlilega ætti að gefa henni gott mýrarhey blandað við nokkuð af laufheyi og setja svo kindina út ef veðrið væri gott (Einar Bjarnason og Kristjana S. Einarsdóttir, e.d.:111). Hefði kindin hinsvegar enga átlýst átti að gefa henni mjólkurgraut úr bygggrjónum og nýmjólk á kvöldin en graut úr einum pela nýmjólk og fjórum lóðum af fíntmuldum viðarkolum að morgni. Fleiri ráð voru talin upp, svo sem hálfstau af spiritusblöndu, ein msk af gufubræddu eða sjálfrunnu lýsi eða seyði af viðarberki eða sortulyngi og rjúpnalaufi (Einar Bjarnason og Kristjana S. Einarsdóttir, e.d.:112-113).

Seyði af malurt (*Artemisia absinthium*) og horblöðku (*Menyanthes trifoliata*) þótti almennt gott meðal við magakveisu í skepnum (ÞÞ 1597). Þjáðist kind af meltingartruflunum var hægt að gefa henni kokteil af sykri, þurrgeri, magnyl og sterku kaffi (svar 38). Stundum misstu kindur hold af engri sérstakri ástæðu. Var þá algengasta ráðleggingin að taka skepnuna á hús og gefa henni betra fóður áður en allt færi í óefni (ÞÞ 4004, ÞÞ 4028, ÞÞ 4032, ÞÞ 4211, ÞÞ 5789). Stundum var þessum skepnum gefið deig gert úr rúgmjöli og vatni (ÞÞ 4004, ÞÞ 4260). Sömuleiðis þótti garðabrúðurót (*Valeriana officinalis*) góð fyrir vanþrifaskepnur (ÞÞ 1597).

Einn er sá meltingarsjúkdómur sem bændur kljást enn við með óhefðbundnum aðferðum, en það er þemban. Við þembu þótti gott að byrja að prófa að nota hressandi meðul til að koma magastarfseminni af stað og eyða þembunni þannig. Þar á meðal eru brennivín, kúmen (*Carum carvi*), pipar og terpentína (Sigurður Einarsson, 1915:55). Jónas Eiríksson, sem var skólameistari Búnaðarskólans á Eiðum frá 1888-1906 (Benedikt Gíslason, 1958:178-9), ritaði handrit til kennslu í sjúkdómafræði alidýra sem geymt er á Héraðsskjalasafni Austurlands. Hann sagði lækningu við þembu vera fóligna í því að koma þessu eittraða lofti sem fljótast úr skepnunni. Til að láta dýrið losa vind væri besta leiðin að binda á það múl og vefja heyi mökuðu hrátjöru um munnstykkið. Myndi dýrið rembast svo mikið við að koma þessu út úr sér „að það fretar úr sér gasinu“ (Jónas Eiríksson, 1888:65). Samhliða þessum aðförum sagði Jónas að gott væri að gefa niðurhreinsandi meðal á borð við Glaubersalt og gefa dýrinu stólpípu af volgu vatni og ósaltri feiti. Væri þemban ekki of mikil var hægt að baða dýrið upp úr köldu vatni þar til það færi að skjálfa, eða prófa að gefa því krít eða pottösku uppleysta í vatni eða kúmen (Jónas Eiríksson,

1888:65). Ef ekkert af þessum ráðum bæri árangur mælti Jónas með því að stungið væri á vömbina til að hleypa gasinu út (Jónas Eiríksson, 1888:66).

## 5.4 Sníkjudýr


Eitt algengasta sníkjudýr sem herjaði á sauðfé áður fyrr og gerir enn nú í dag eru iðraormar. Geta þeir valdið ýmsum einkennum en algengasta einkenni þeirra er skita sem fjallað hefur verið um í kafla 5.3 og verður því ekki farið ýtarlegar í ráð tengd þeirri meðhöndlun hér aftur. Almennt þótti besta ráðið við iðraormum þó vera að gefa ánum baðtóbak sem rúllað var upp í kúlu og stungið ofan í þær (þþ 3971, þþ 4004, þþ 4053, þþ 4498, þþ 7409, þþ 8163, þþ 12626, þþ 12647, þþ 12648, þþ 12863). Þó voru til fleiri ráð. Fjallagrös með kandíssykri eiga að vera góð við ormun, bæði í mönnum og skepnum (þþ 2559). Einn heimildarmanna sagðist: „gefa bæði sauðfé og tryppum vothey og það gafst vel. Ormar hrúguðust úr skepnunum steindauðir“ (þþ 5789). Slurkur af steinolíu átti líka að geta gert sitt gagn í baráttunni við iðraormana (þþ 7409).

Önnur veiki sem talin var orsakast af ormun í sauðfé var lungnapestin, og gat hún verið nokkuð skæð. Var talið að besta leiðin til að lækna hana væri ef kindurnar næðu að hósta upp ormunum. Til að aðstoða við það voru kindur lokaðar inn í kofa og brælt þar inni svo þær hóstuðu (þþ 4592, þþ 7409). Í bræluna var t.d notuð tjara eða Cooperduft sem var baðlyf. Var farið inn með prímus og pönnu og þegar pannan var orðin heit var tjaran látin dropa á hana til að framkalla reykin. Ekki var hætt fyrr en allir í kofanum stóðu á öndinni af hósta, féð og framkvæmdarmaðurinn (þþ 7409).

### 5.4.1 Sullaveiki og vanki (höfuðsótt)

Þau sníkjudýr sem ollu hvað mestum usla á sínum tíma hér á landi en eru ekki til staðar lengur eru bandormarnir sem valda sullaveiki og vanka. Þessum sjúkdómum var að lokum útrýmt úr landinu með skipulögðum hætti. Sú stefna var mótuð eftir ráðleggingum Haralds Krabbe og fólst m.a. í því að ormahreinsa hunda og grafa og brenna sláturúrgang (Páll A. Pálsson, 1989:403-404).

Þótt sullurinn hafi gert meiri usla í mannfólkinu, var vankinn, eða höfuðsótt, skæðari í sauðfénu. „Höfuðsóttarféð gat þrífist sæmilega, en það hringsnerist í sífellu og valt þá gjarnan ofan í læki, keldur, dý og mógrafir [...] og fórst á þann hátt“ (ÞÞ 4211). Sumstaðar var því trúað að höfuðsóttin væri ættgeng, svo ef hrútur veiktist var sjálfsagt að skera öll afkvæmi hans (Jónas Jónasson, 1961:175). Sömuleiðis sagðist Harald Krabbe hafa heyrt á Íslandi að ef forystusauðurinn væri með vanka væri öll hjörðin með hann (Ivan Katic, 2000:53). Ekki voru mörg ráð við höfuðsótt. Í sumum sveitum voru þó menn sem kunnu til verka við að opna hausinn á kindunum og ná sullinum út (ÞÞ 7987). Stundum var borað gat í gegnum hornið á kindinni við hausinn og tjöruhampur dreginn í gegnum gatið og látinn vera þar í nokkurn tíma (ÞÞ 4079) eða hrosshárshanki settur aftan við eyrað þeim megin sem hausinn hallaði (ÞÞ 4053, ÞÞ 4062). Samkvæmt Jónasi Eiríkssyni var á það reynandi að ná sullinum út ef hann var staðsettur aftan í hausnum. Voru þá framkvæmdir tveir skurðir eins og sýnt er á mynd 1. Var skorið í húðina frá f-d og f-c og skinninu flett upp svo það lægi um línuna c-d. Beinið var svo skorið sundur frá e-a og e-b og það beygt varlega um línuna a-b. Var þá hægt að fara með töng inn í höfuðið og grípa sullinn sem olli vankanum og hann dreginn varlega út. Að þessu loknu



**Mynd 1.** Teikning eftir Jónas Eiríksson skólastjóra Búnaðarskólans á Eiðum af skurðmynstri sem átti að nota þegar fjarlægja skyldi höfuðsóttarsull úr kind.

var bein og skinn sett aftur á sinn stað og lagt yfir lín vætt í terpentínu eða tjöru. Var mikið atriði að fara varlega en vera engu að síður fjótur að verkinu til að lágmarka það loft sem kæmist að heilanum (Jónas Eiríksson, 1888:87). Það mátti þó merkja að sumum fannst hálfgerð vitleysa að reyna að lækna vankan: „Þar var besta ráðið að taka höfuðið af“ (ÞÞ 4149).

#### 5.4.2 Sauðfjárnöðun

Kláðinn er eins og áður hefur verið sagt hér, sjúkdómur sem tvisvar hefur verið fluttur hingað inn með lifandi gripaflutningum. Við lús átti sömuleiðis að vera gott að gera smyrslu úr einum hluta persillufræi (*Petroselinum crispum*) á móti þremur hlutum af súru smjöri

og bera á skepnurnar (Jónas Eiríksson, 1888:88). Í raun var þó helsta ráðið sem kom fram til að lækna kláða böðun úr tóbakslegi (ÞÞ 12522, ÞÞ 12530, ÞÞ12560, ÞÞ 12576, ÞÞ12577, ÞÞ 12580, ÞÞ 12584, ÞÞ 12626, ÞÞ 12642, ÞÞ 12650, ÞÞ 12863, ÞÞ 12869). Til að losna við kláðann var skyldubundin böðun á svæðum þar sem hann var landlægur. Heimildarmaður þjóðháttasafnsins sem fæddur var 1894 lýsti þróun sauðfjárböðunar í sinni sveit stórvel, og endurspeglar sögnin sagnir annarra heimildarmanna:

Þegar ég man fyrst, var fé baðað árlega úr kreolinbaði. En það reyndist ekki öruggt til þess að drepa færilús eða kláða og var algengt að fé væri illa haldið af þessum sníkjudýrum á vorin, þó baðað væri að hausti. Baðkerin voru þá jafnan úr tré og stundum sameign fleiri bæja [...] En rétt úr aldamótum var svo gerð allsherjar útrýmingarböðun á kláða. Þá var baðað úr tóbakslegi, sem kunnugt er. Fór þá sérstakur baðstjóri um jafnvel heilan hrepp og flutti með sér 2 baðker. En allar kindur sem voru með kláða voru svo baðaðar aftur eftir 14 daga. Þessi kláðaböðun tókst svo vel, að heita mátti að kláðanum væri útrýmt, en þó ekki fullkomlega, en færilúsinn lifði þetta betur af. Um 1915-20 man ég fyrst eftir steiptum baðkerum, og þá oft að fleiri bæir slógu saman um það og ráku féð á milli bæja. Væru kerin oftast höfð fremst í garða og garðabotninn innan við kerid steiptur með halla í kerid sem tók 2-3 kindur. Mátti með þessu móti hæglega baða 5-700 fjár á dag. Smám saman fóru að flytjast til landsins betri baðlyf, svo nú er færilús og fellilús alveg útrýmt úr báðum sýslum og stórum hluta landsins (ÞÞ 4017).

## 5.5 Sárálækningar og áverkar

Fengi sauðkind sár þótti virka vel að nota steinolú við að hreinsa þau (ÞÞ 10518). Tóbak þótti gott til að græða sár (ÞÞ 12604) og verja ný sár fyrir sýkingum, var þá ýmist sett tóbak í sáraumbúðirnar (ÞÞ 12638) eða tóbakslauf lagt yfir skurðinn til að sótthreinsa (ÞÞ 12626). Hráttjara var notuð við öll meiðsli á skepnum og „kom aldrei illt í þar sem hún var komin á“ (ÞÞ 10653). Að lokum er það kerlingareldurinn, hann var notaður til að græða sár og stöðva blæðingu, en kúlan var rifin í tvennt og innihaldinu hvolft á sárið (ÞÞ 1649, ÞÞ 1774, ÞÞ 3759).

Það kom fyrir þegar hart var í ári að mýs legðust á sauðfé, gerðu sér bæli í ullinni og byrjuðu að éta skepnuna. Var besta lækningin við þessu talin sú að finna sökudólginn, drepa hann og setja við sárið (ÞÞ 10090, ÞÞ 10112, ÞÞ 10161, ÞÞ 10220, ÞÞ 10295, ÞÞ 10381, ÞÞ 10518), sumir gengu svo langt að flá músina, fella kjötið í holuna og festa svo skinnið af músinni yfir (ÞÞ 10257). Önnur ráð þekktust þó einnig, sumir smurðu hundafitu í sárið (ÞÞ 10381), aðrir græðandi áburði (ÞÞ 10518) og enn aðrir sögðu að hrátjara væri það albesta sem gæfist í þessum efnum (ÞÞ 10162, ÞÞ 10234, ÞÞ 10653). Ef sárið náði inn að beini var reynt að lækna átuna með sótthreinsun og setja hveiti í holuna (ÞÞ 10141).

Sumir trúðu því að kerlingareldur væri eina rétta ráðið við músátu eins og á önnur sár (þp 1774).

## 5.6 Aðrar lækningar og fyrirbyggjandi aðferðir

Þeir heimildarmenn sem svöruðu spurningaskrá þjóðháttasafnsins númer 33 um sauðfé voru flestir sammála því að bráðapestin hefði verið skæðasti sjúkdómurinn sem íslenskir bændur hefðu þurft að eiga við, þar til bóluefni kom á markað. Þar sem skepunar dráputst svo hratt eftir að þær veiktust sögðu flestir að ekkert væri hægt að gera. Svo virðist sem steinolía hafi þó verið gefin inn með einhverjum árangri (þp 4032, þp 4079). Því var trúað að landið yrði sýkt á þeim svæðum þar sem margt fé hafði drepist úr bráðapest í haganum (þp 4134). Þá þekktist að kalka með múrkalki á viðkomandi stað til að varna frekara smiti (svar 34). Sömuleiðis trúðu sumir að hægt væri að svæla pestina út úr fjárhúsunum með eldi og reyk á meðan féð var úti á beit yfir daginn (svar 35). Í Búnaðarskólanum á Eiðum var þó kennt ráð sem hægt var að reyna ef kindin var ekki orðin mikið veik. Baða átti kindina upp í köldu vatni í 2-3 mínútur, láta hana svo í hús sem ekki næddi inn í og strjúka vatnið úr ullinni og núa svo kviðinn og síðuna á kindinni þar til hún var næstum þurr, ásamt því að gefa henni ½ pela af brennivíni eða 15-20 gr af Gleubersalti (Einar Bjarnason og Kristjana S. Einarsdóttir, e.d.:103-104).

Fengi fé lungnabólgu þótti mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir að bólgan næði í bæði lungun. Til að lækna lungnabólgu var hægt að taka 2-3 pela af blóði úr hálsæðinni á kindinni. Eftir það átti að gefa henni kælandi sölt, svo sem pottösku eða engelskt salt um 8-19 gr. Það átti líka að gera gagn að hanka kindina í brjóstið. Sumir útbjuggu hrátjöru undna inn í skæni eða blandaða saman við yllite (*Sambucus nigra*) handa skepnum sem náðu sér af lungnabólgunni en áttu við andþrengsli að stríða eftir veikindin (Jónas Eiríksson, 1888:79).

Mörg ráð voru til við vatnssótt (þvagteppu) í sauðfé. Því hætti helst við að fá vatnssótt í harðindatíð, en þá voru þorskkvarnir teknar og muldar, blandað við vatn og hellt upp í kindina (þp 896, þp 4041). Norðlendingarnir Hálf dán Jóakimsson, Helgi Jónasson og Jón Ingjaldsson (1855) sögðu í leiðarvísi sínum um fjárrækt að það væru helst geldsauðir sem væri hættara við að fá sjúkdóminn, en þeir hefðu aldrei heyrt af honum við sjávarsíðuna. Því hefði salt oft verið notað til að lækna sjúkdóminn og hefði gefist betur en önnur ráð. Matsþónn af grásalti ætti að duga en koma varð honum ofan í kindina með lagni svo hún



sprynki ekki af sjúdomnum. Tækist þetta verk vel væri farið að renna úr skepnunni að litlum tíma liðnum. Gæta þyrfti þess að gefa skepnunni inn salt regulega á meðan tregða væri í þvagini. Saltpétur átti einnig að virka leystur upp í vatni en það þurfti lítið af honum og að gefa hann varlega inn (Hálf dán Jóakimsson, Helgi Jónasson og Jón Ingjaldsson, 1855:57-58). Soð af eini átti sömuleiðis að duga gegn vatnssótt í kindum, en þá var jurtin aðeins soðin í skamma stund (þp 2906) og tóku Hálf dán og félagar undir það að gæta þyrfti þess að gefa kindinni að drekka eftir að saltið virkaði og ekki væri verra ef það væri einiseyði (Hálf dán Jóakimsson et al., 1855:58). Sumstaðar þekktist að vanir menn væru fengnir til að skera eftir steinunum (þp 4017).

## 6 Nútíminn


Við gerð þessa verkefnis vaknaði sú spurning hver staðan væri á óhefðbundnum lækningum hjá sauðfjárbændum samtímans hér á Íslandi. Eins og áður sagði voru engar upplýsingar til um ástundun óhefðbundinna lækninga í nútímasauðfjárbúskap. Því var nauðsynlegt að afla frumgagna fyrir þennan hluta rannsóknarinnar og varð úr að hanna spurningakönnun í þeim tilgangi. Í þessum kafla verður farið yfir niðurstöður könnunarinnar sem send var út og niðurstöður hennar túlkaðar til að fá mynd af stöðu óhefðbundinna lækninga í íslenskri sauðfjárrækt árið 2022.

### 6.1 Rannsóknin og þátttakendur

Spurningakönnun um óhefðbundnar sauðfjárlækningar var birt á lokaðri síðu sauðfjárbænda á Facebook þar sem eru um 8500 meðlimir. Könnunin var einnig birt á lokaðri síðu bænda á Austurlandi þar sem eru rúmlega 600 meðlimir. Var könnunin höfð opin á þessum síðum í viku en minnt á hana sólarhring áður en lokað var fyrir hana til að draga að fleiri svör. Með því að nýta Facebook til að senda út spurningakönnunina var reynt að ná til sauðfjárbænda um allt land, en aftur á móti er erfitt að tryggja að einvörðungu sauðfjárbændur hafi svarað könnuninni þrátt fyrir að hún hafi verið birt á slíkum vettvangi. Alls sendu 158 einstaklingar inn svör við könnuninni.

Spurningalistinn var 16 spurningar, en þar af voru 12 sem sneru beint að viðfangsefninu (viðauki II). Í upphafi listans var spurt út í aldur, kyn og staðsetningu

svarenda svo hægt væri að gera sér grein fyrir því hverjir svöruðu svo hægt væri að greina þemu innan tiltekinna hópa ef svo bæri undir. Svarendur voru fæddir á árunum 1942-2007 og spönnuðu því 65 ára aldursbil, en svarhlutfall drefðist nokkuð vel yfir áratugina og þau kyn sem svöruðu (Tafla 1). Meðalaldur sauðfjárbænda á Íslandi var 56 ár árið 2016 (Gunnar Bragi Sveinsson, 2016) og aldurskúrfa svarenda rímar vel við það. Þátttakendum var frjálst að svara eins mörgum spurningum og þeir vildu, en með því var verið að reyna að sporna við því að þeir skálduðu upp svör til þess eins að svara einhverju.



**Tafla 1.** Aldursdreifing og kyn svarenda spurningakönnunar um óhefðbundnar lækningar í sauðfjárbúskap.

## 6.2 Óhefðbundnar sauðfjárlækningar samtímans

Til að átta sig á því hversu algengt það er að nota óhefðbundnar lækningar í sauðfjárrækt hér á landi var byrjað á því að spyrja út í hvort svarendur stunduðu einhverskonar lækningar eða fyrirbyggjandi aðgerðir sem gætu talist sem slíkar. Allir nema einn svöruðu þessari spurningu og um 70% þeirra sögðust nýta óhefðbundnar lækningaraðferðir en 4,4% þeirra sem svöruðu voru ekki viss hvort einhverjar lækningar sem þau nýttu gætu talist til óhefðbundinna lækninga. Rúmlega fjórðungur, eða 25,8%, sögðust ekki nýta óhefðbundnar lækningar á sínu búi. Þrátt fyrir það voru 89,8% svarenda tilbúnir að prófa óhefðbundnar lækningar kæmi ráðleggingin frá dýralækni en aðeins 7,6% sögðust ekki myndu nota óhefðbundnar lækningaraðferðir eftir ráðleggingu dýralækis. Alls gaf 101 bóndi dæmi um sjúkdóma eða kvilla sem hann meðhöndlar með óhefðbundnum hætti, og var AB-mjólk oftast nefnd sem meðferð við kvillum, eða af 74% svarenda. Bændur

nefndu ýmis ráð, allt frá AB-mjólk til að fyrirbyggja slefsýki yfir í piparmintukrem við júgurbólgu, en farið verður nánar yfir þau hér á eftir.


Þegar spurt var um tilgang óhefðbundinna lækninga voru svörin afgerandi. Langstærsti hluti svarenda, eða 68,8%, taldi tilganginn vera bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla sjúkdóma. 9,6% töldu tilganginn vera aðeins að meðhöndla sjúkdóma en næstum helmingi fleiri eða 18,5% töldu tilganginn vera til að fyrirbyggja sjúkdóma. Aðeins 3,2% svarenda fannst tilgangur óhefðbundinna lækninga vera hvorki að lækna né fyrirbyggja sjúkdóma. Þessi svör komu á óvart þar sem höfundur taldi líklegast að fólk liti á óhefðbundnar lækningar sem aðgerðir til að fyrirbyggja sjúkdóma og vandamál en ekki til meðhöndlunar á þeim. Því kom þetta háa hlutfall þeirra sem töldu tilganginn vera að bæði meðhöndla og fyrirbyggja sjúkdóma skemmtilega á óvart.

Aðspurðir könnuðust 72 einstaklingar, eða 80% þeirra sem svöruðu spurningunni, við það að aðrir bændur nýttu sér einhverskonar óhefðbundnar lækningar í sínum búskap. Af þeim sem tóku dæmi um hvaða lækningar aðrir bændur nýttu sér nefndu 93,6% AB-mjólk eða þá sjúkdóma sem hún á að fyrirbyggja og lækna, 7,9% nefndu áfengi og 4,8% nefndu að matarolía, matarsódi og joð væri notað. Þetta bendir til þess að notkun á AB-mjólk sé útbreidd og ekki feimnismál að viðurkenna að maður noti hana til að fyrirbyggja eða meðhöndla vandamál í sauðfé. Í raun var algengasta svarið við spurningunni um hvað fólk vissi til þess að aðrir bændur gerðu að þeir gerðu það sama og svarandinn. Af því má ætla að enn lifi fastar hefðir varðandi sauðfjárlækningar á vissum svæðum, eða þá að fólk þorir ekki að opinbera hverskonar óhefðbundnar lækningar það notar umfram það sem nágranninn gerir, af ótta við neikvætt viðhorf.

### **6.2.1 Sjúkdómar í lömbum**

Af þeim bændum sem gáfu dæmi um meðhöndlun sauðfjár með óhefðbundnum aðferðum nefndu 71,3% ráð til að lækna eða fyrirbyggja sjúkdóma í lömbum, og eru þá ekki talin svör þar sem sjúkdómslýsingin gæti átt við lömb en aldur var ekki tilgreindur. Yfirleitt var verið að fyrirbyggja eða meðhöndla sjúkdóma í lömbum að vori en þó komu nokkur ráð sem áttu við að haustlagi. Var þar algengast að lömbunum væri gefin AB-mjólk (77,8% svara) við ýmsum kvillum, sem kom ekki á óvart þar sem það er almenn trú sauðfjárbænda að AB-mjólkinn sé hið mesta þarfapeng og dýralæknar hafa ritað um ágæti hennar til að fyrirbyggja sýkingar í lömbum (Sigurður Sigurðarson, 2009).

Það er algengt um allt land að gefa lömbum AB-mjólk strax við fæðingu, í stað fyrirbyggjandi pensillín-töflu. Þetta er gert til að fyrirbyggja slefsýki og/eða skitu, en AB-mjólk er einnig gefin til meðhöndlunar sömu sjúkdóma ásamt fleiru (Tafla 2). Bændurnir tiltóku þó ekki alltaf hvort inngjöfin væri til að fyrirbyggja eða meðhöndla sjúkdómana. Þónokkrir gefa lömbunum inn góðgerla í fyrirbyggjandi tilgangi (svar 113) svo sem acidophilus plús (svör 21, 74) og prolac pasta (svar 157) en sömuleiðis eru sérhönnuð fæðubótarefni fyrir lömb á borð við LamBoost sem fólk hefur líka gefið (svör 57, 109). Einn bóndi í Þingeyjarsveit sagðist gefa lömbum mysu við fæðingu í stað pensillínsins (svar 40). Sumir bændur spreypja naflastrengi nýfæddra lamba (og jafnvel eyru) með joði til að fyrirbyggja sýkingar, s.s. liðabólgu (svör 13, 34, 50, 108). Ekki kemur á óvart hversu margir bændur gáfu svör um óhefðbundin ráð til að reyna að fyrirbyggja sjúkdóma í nýfæddum lömbum, enda fer að ganga í gegn Evrópulöggjöf hér á landi sem bannar notkun fyrirbyggjandi sýklalyfja í dýrum sem nýtt eru til manneldis (Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, 2022). Fólk er því að sníða sér stakk eftir vexti og kanna hvaða möguleikar standa því opnir og hvað gefst vel í þessum efnum áður en bannið gengur í gegn.



**Tafla 2.** Hlutfall bænda (%) sem gefur nýfæddum lömbum AB-mjólk útaf ýmsum sjúkdómum og/eða kvillum. Alls voru 56 bændur sem gáfu lömbum AB mjólk og þeir gátu nefnt fleiri en eina ástæðu fyrir inngjöfinni.

Það er þó ekki sjálfgefið að blessuð lömbin fæðist hress og spræk, oft getur fæðingin tekið á eða það er eitthvað að móður eða lambi sem skilar sér í líflausum einstaklingum. Þá eru góð ráð dýr. Oft er gripið til áfengis af einhverju tagi til þess að koma lífi í nýfædd eða köld lömb, t.d. vodka, tópas eða snafs (svör 26, 32, 61, 87, 141). Aðrir gefa LamBoost

(svar 141), kúabrodd (svar 85) eða hafraseyði með smá sykri (svar 145) fyrir lítil og/eða veikburða lömb til þess að gefa þeim orku og hressa þau við. Einn svarenda fyrir austan sagðist stundum gefa orkulitlum lömbum kakó á milli mjólkurgjafa (svar 1) sem rímaði við annan á Vestfjörðum sem sagðist stundum gefa bökunarkakó með sondu ef lamb væri slappt og drykki ekki venjulega (svar 127). Kakó var einnig nefnt sem meðferð við slefsýki (svör 43, 147) en ekki var útskýrt hvort það væri til að fyrirbyggja eða meðhöndla sjúkdóminn.

Ekki eru þetta þó alltaf sjúkdómar sem eru að hrjá lömbin við fæðingu. Stundum fæðast lömbin máttlaus, bæklud eða kuldinn nær á þeim tókum áður en þau ná að standa upp. Fyrir bæklud lömb er hægt að bera gulmöðrusmyrsi (*Galium verum*) á stífar sínar til að liðka fyrir þeim (svar 78). Einn svarenda úr V-Skaftafellssýslu sagðist stundum taka lömb sem ekki komast strax á fót með sér inn í íbúðarhús til að hita þau upp og bæri það oftast árangur. Hún sagði einnig virka líka að setja lömbin í ullarsokk og á milli flaskna með heitu vatni. Með þessu móti væri hægt að koma hita í lambið meðan það væri ennþá hjá móður og því minni líkur á að hún afrækti lambið (svar 121). Kona úr S-Þingeyjarsýslu sagði óbrigðult ráð fyrir lömb sem komast ekki á fætur eftir burð því að þau væru gliðsa, að klæða þau í sokk og klippa gat fyrir rassinn. Eftir nokkra daga í sokknum væru þau orðin góð og gætu staðið eðlilega (svar 51).

Algennt er að lömb, bæði vor- og haustlömb, fái skitu og geta legið margar ástæður þar að baki. Sé tilfellið alvarlegt er gott að grípa inn í áður en allt fer í óefni. Kona fyrir austan sagðist gefa heimalningum hjá sér Melroses-te til að stöðva skituna (svar 48). Önnur sagðist gefa bláberjasultu við drullu, en það ráð brygðist sjaldan við drullu í haustlömbum (svar 78). Svo getur hægðatregða vissulega verið vandamál líka en þar þekkist að gefa sykruvatn til að losa stíflu í lömbum (svar 144). Flestir gáfu að sjálfsögðu AB-mjólk við meltingartengdum kvillum, eins og hefur verið tíundað hér fyrir ofan, en mörg önnur ráð voru nefnd án samhengis við aldur og verður farið yfir þau í kafla 6.2.3. hér á eftir.

Svo virðist sem íslenskir sauðfjárbændur grípi helst til óhefðbundinna lækninga til að meðhöndla lömb að vori eða snemmsumars. Hvaða orsakir liggja þarna að baki eru ekki augljósar. Sauðburður er vissulega álagstími hjá sauðfjárbændum og sá tími sem maður þarf að hugsa hratt og vinna með það sem hendi er næst, sjaldan hægt að skjótast frá. Því

er kannski mest freistandi að grípa það sem hendi er næst og með lítinn tilkostnað. Gefist það vel er svo gripið til þess ráðs aftur í næstu tilfellum af sama kvilla. Einnig getur spilað inn í að sauðburður er sá tími sem algengast er að utanaðkomandi aðilar séu á búinu til að hjálpa til. Oft eru kallaðir til eldri fjölskyldumeðlimir eða vinafólk og gæti því verið að þau miðli ráðum og hefðum sem notuð voru áður fyrr áfram til næstu kynslóðar bænda.

### 6.2.2 Júgur- og burðartengd vandamál

Óhefðbundnar meðferðir við júgurbólgu virðast ekki vera algengar enda liggur oft líf þriggja einstaklinga undir, móður og afkvæma, þegar hún gerir vart við sig. Þau óhefðbundnu ráð sem gefin voru upp við júgurbólgu virtust öll vera viðbótarmeðferðir til þess að reyna að flýta fyrir bata samhliða lyfjameðferð. Nefndu bændurnir til dæmis að bera hitakrem (svar 141), bólgueyðandi gel (svar 100) eða piparmintukrem á júgrið (svar 56) en aðrir nefndu heita bakstra (svör 39, 61, 125). Einnig var tekið fram að það þyrfti að þurrmjólka júgursýktar ær til að þær fengju bata (svar 141). Eitt ráð var að gefa kindinni inn eplaedik væri hún með júgurbólgu (svör 49, 125) en slíkt þekktist annarstaðar í heiminum þar sem kanadískir bændur gefa kindum eplaedik í vatn við júgurbólgu tvisvar á dag (Lans et al., 2007). Eitt sinn þekktist það að stinga í spenaopið með nál sem fyrst var sóttthreinsuð yfir eldi til að opna fyrir spenann ef hann lokaðist (svar 61) en þetta ráð var ekki lengur notað af þeim svaranda sem gaf það upp.

Í spurningakönnuninni komu fram nokkur ólík vandamál tengd burði sem voru meðhöndluð með óhefðbundnum aðferðum. Kona af Vesturlandi sagðist nota ullarband til að sauma fyrir ef skeiðin á kindinni gengi út fyrir sauðburð, en saumarnir væru svo teknir þegar kindin færi að bera (svar 69). Þurfi að liðka fyrir burði hjá kind er gott að nota heita bakstra (svar 78), en sé kindin með fastar hildir eftir burð er hægt að gefa inn njólaseyði (svar 22). Í Kanada gefa bændur inn tinktúru með maríustakki (*Alchemilla vulgaris*) eða handfylli af bergfléttu (*Hedera helix*) til þess að losa hildir eftir burð (Lans et al., 2007). Kona úr Skagafirði sagðist hafa fengið þá ráðleggingu frá dýralækni að gefa kind með legbólgu tvær íbúfentöflur, sem hafi svínvirkað (svar 109). Sé kind lengi að taka sótt, eða er þröng, er ráð að sprauta hana með kalki og telst það virka vel (svar 26). Þetta ráð hefur rannsakandi séð koma í umræðum á Facebook-síðu sauðfjárbænda á hverju ári í þónokkurn tíma og hefur virst sem viðtökurnar við því verði betri með hverju árinu sem líður. Einn svarenda sagðist gefa inn kalk við öllum burðartengdum vandamálum, hvort

sem það væri legsig, snúið leg eða fastar hildir (svar 11). Það vakti athygli höfundar að allir svarendur sem gáfu ráð við burðartengdum vandamálum voru kvenkyns. Ef til vill er það konum ofar í huga að stilla af þjáningar við að koma afkvæmum í heiminn og tryggja öruggari meðgöngu en körlum.

### 6.2.3 Meltingartengdir kvillar

Sauðfjárnændur eru einnig líklegir til að meðhöndla meltingartengd vandamál með óhefðbundnum aðferðum, en 40.6% svarenda sögðust nota ráð sem féllu undir þennan flokk. Því miður voru mörg svör í þessum flokki sem eingöngu tilgreindu hverslags sjúkdómar væru meðhöndlaðir, en ekki hvað meðferðin fæli í sér. Þemba, skita, meltingartruflanir og lystarleysi eru dæmi um sjúkdóma sem nefndir voru án þess að tilgreint væri hvaða ráð fólk notaði til að lækna eða fyrirbyggja þá.

Eins og áður var það AB-mjólkin sem var mest gripið til, sem er rökrétt þar sem hún inniheldur gerla fyrir meltingarveginn. Hún er notuð til að styrkja meltingarkerfi (svör 32, 43, 62, 104), laga þarmaflóru (svar 100), við meltingartruflunum (svör 34, 77, 116, 125) og í ær sem eitthvað óvíst hrjáði til að sjá hvort þær hresstust ekki (svar 35). AB-mjólkin var einnig langvinsælasta ráðið við skitu í fullorðnu fé (svör 39, 42, 69, 89, 110, 111, 146), stundum blönduð við kakó (svör 56, 153) og hafði sem slík „reynst betur sem skitulýf en apóteksvara“ (svar 56). AB-mjólkin var gefin kind sem var hætt að éta, ásamt seyði af fjallagrösom (svar 46), sem og við hægðatregðu (svar 91) þannig að það má með sanni segja að hún sé gefin inn við bókstaflega öllu meltingartengdu sem hrjáir sauðfé hér á landi. Enda ekki að undra þar sem hún er ódýr, fánleg allstaðar og algerlega skaðlaus í versta falli.

Einn kvilli sem margir bændur meðhöndluðu með óhefðbundnum ráðum er þemba. Hún orsakast af gasmyndun í vömbinni sem ærin nær svo ekki að losa sig við, en gasmyndun getur verið af ýmsum ástæðum. Algengt er að gefa olíu í munn við þembu (svar 153), helst matarolíu (svör 12, 26, 104, 116) eða paraffínolíu (svar 144) og gott þykir að setja þær á rassinn eftir inngjöfina til að losa um gasið og auðvelda þeim að losna við það (svör 20, 32, 39). Sumir gefa fleira inn með olíunni, svo sem AB-mjólk (svar 84) eða matarsóða (svar 15) og sumir gefa matarolíuna bæði í munn og endaparm (svar 70). Að gefa olíu við þembu þekkist annarstaðar í heiminum en ólívuolíu er gefin við þembu á Ítalíu, oft saman við eitthvað annað, t.d. fitu eða vín (Piluzza et al., 2015). Önnur ráð við

þembu eru t.d. að gefa eingöngu matarsóða (svör 56, 89), kakó (svar 113), eða að sprauta gripinn með kalki (svar 11). Eins og flest annað í þessum heimi geta meðferðir við sauðfjársjúkdómum verið umdeildar og ég fékk eitt þembutengt ráð með fyrirvaranum að „má kannski ekki nefna það því ákveðnir einstaklingar tryllast við tilhugsunina“ (svar 56). En sumir bændur stinga á vömbina á kindinni með grófri nál til að hleypa út gasinu sem er þar fast (svör 56, 81, 84, 125). Aðrir sögðust hafa heyrt um þetta en ekki framkvæmt það sjálfir (svör 20, 61, 121). Einn bóndi sagðist ekki hafa persónulega reynslu af aðferðinni, en hefði heyrt af því að fólk hefði náð að tappa af þembu með því að leggja ána á rassinn og þræða svo volga garðslöngu niður í kok svo gasið kæmist út með slöngunni (svar 64).

Lystarleysi í kindum getur komið fram af ýmsum ástæðum. Að gefa skepnu hafragraut (svar 21), hafraseyði (svör 51, 69, 71) og/eða AB-mjólk (svör 43, 61, 69, 71) eru talin góð ráð við lystarleysi. Í Dalasýslu þykir það ekki skemma fyrir ef AB-mjólkinn er með miklum púðursykri til að lækna lystarleysið og koma meltingunni aftur af stað í kindinni (svör 26, 58). Einn svarenda sagðist gefa söl við lystarleysi í sauðfé og þekkti fólk sem gæfi kindum kaffi í sama tilgangi (svar 78). Sé kind hætt að éta því að hún hefur misst jórtrið þekktist bæði að taka jórtur frá jórtrandi kind (svar 76), eða kú (svar 46) og setja ofan í veiku kindina til að koma jórtrinu af stað aftur. Rúgbrauðsseyði dugar sömuleiðis til að hjálpa ám að ná upp jórtrinu (svar 145). Einn bóndinn nefndi harla óvenjulegt ráð við að ná upp jórtri hjá kind. „Ef kind missir jórtur er ráð að finna gamlan hrossaskít, sem búinn er að frjósa, blanda honum í vatn og gefa henni í kjaft. Þetta á að koma jórtrinu af stað aftur og kveikja átlýst að nýju. Hef orðið vitni að því að þetta virkaði“ (svar 55). Það vakti athygli að þessi siður, að gefa kind hrossatað til að ná upp jórtri, þekktist í báðum Múlasýslunum en hvergi var minnst á það annarstaðar. Í þeirri syðri var taðinu blandað saman við AB-mjólk og þótti það óbrigðult ráð til að ná upp jórtrinu (svar 78).

Að lokum eru það mörg stök ráð við hinum og þessum meltingartengdum kvillum. Matarsóði gefst vel til að koma vambarstarfsemi aftur í gang (Svar 146). Olíur eru gefnar inn gegn stíflum (svar 11) og kakó við skitu í Þingeyjarsýslunum (svör 28, 145). Bóndi einn í Múlaþingi fékk eitt sinn ráð um kind með skitu sem svínvirkaði að eigin sögn: „Einu sinni fékk ég ráð um að gefa magaveikri (með skitu) kind sem var með tvö lömb á spena kaffi með þurrgeri. Kaffið til að hressa hana og gerið fyrir meltinguna“ (svar 30). Samskonar



ráð er notað á Sardiníu en þar notast bændur við einnig við ger, blandað í vatni, til að gefa kindum við allskonar meltingartengdum vandamálum (Piluzza et al., 2015).

#### 6.2.4 Sárálækningar og áverkar

Þegar kemur að sárálækningum var minna um að fólk gripi til ráða sem það taldi óhefðbundin. Eldri bóndi af Austfjörðum nefndi að hann notaðist við kartöflumjöl til að stöðva blæðingu við klaufklippingar, og sömuleiðis ef kind hornbrotnaði (svar 144). Annar bóndi nefndi að blaut mold hefði verið notuð til að stöðva blæðingu við hornbrot en að sú aðferð væri ekki notuð lengur á hans búi (svar 59). Eitt dæmi var um að bóndi notaðist við vallhumalssmyrslu á sár (svar 78) en slíkt var mikið notað áður fyrr eins og kom í ljós í kafla 5.3. Áður fyrr þekktist að strigapoki væri saumaður á kviðrifnar ær til að koma í veg fyrir meiri skaða, sem og að fótbrotið fé væri spelkað en ekki gífsað eins og í dag (svar 70). Engir svarendur minntust á beinbrot og lagfæringar á þeim nú til dags, en það gæti verið vegna galla í könnuninni þar sem flestar spurningarnar minntust aðeins á sjúkdóma og því má ætla að svarendur hafi ekki talið fótbrota eða aðra áverka eftir slys eiga heima í svörunum.

Einn bóndinn sagði frá áverka sem kemur upp hjá honum sem hann telur að sé að finna víða um land en bændur ranggreini sem fóðureitrun byggða á fyrstu hegðun kindanna. Þegar ær eru að slást, eða ryðjast að garðanum við fóðurgjöf, beita þær sér stundum með hornunum og geta því gatað aðra kind á kvið. Þetta lýsir sér þannig að það myndast gat á vöðvalögin eftir höggið af horninu, sem er oft mjög lítið, jafnvel ekki stærra en fingurbjörg. Fyrstu einkenni þess að ær sé með gat er að hún fer frá garða eða kemur ekki nálægt garða við gjöf og hengir haus og líður illa. Ef svo vill til að þetta gat kemur á hægri hlið kindarinnar liggja þar garnir sem vilja smokra sér út og klemmast á milli vöðvalaganna og þá vill myndast drep í görnunum. Drepið getur verið mismikið en bóndinn sagði að gæfi maður kindinni kakó við drepinu hjálpaði það til við að laga það. Einnig væri hægt að þreifa á kvið kindarinnar, og ná þannig görnunum úr gatinu og þyrfti þá að reyna að smokra mör eða öðru fyrir gatið með þreifingum svo sagan endurtæki sig ekki. Að öðrum kosti yrði að kalla til dýralækni og láta framkvæma aðgerð (svar 64).

### 6.2.5 Aðrir sjúkdómar og fyrirbyggjandi aðgerðir


Margir, ef ekki allir, sauðfjárþændur gefa kindum sínum steinefni og vítamín yfir veturinn til að mæta fóðurþörfum kindanna en fáir töldu þau upp í þessari spurningakönnun. Einn bóndi sagði frá því að hann gæfi lýsi í heyið, setti joð á garðaböndin og gæfi kindunum saltsteina með magnesíum (svar 141). Kona í Borgarfirði sagðist setja A-D-E vítamín og selen í drykkjarvatnið hjá sínum kindum í aðdraganda sauðburðar og á sauðburði til að minnka líkurnar á dauðfæddum eða líflitlum lömbum og sagði þetta hafa virkað mjög vel (svar 157). Annar bóndi í Borgarfirði sagði að besta ráðið til að fyrirbyggja sjúkdóma í hjörðinni væri að vera með góða loftræstingu og gott rými á fénu, bæði innan og utandyra, hvort sem það teldist til óhefðbundinna ráða eða ekki (svar 156).

Séu kindur orkulitlar eða óhressar af öðrum ástæðum er hægt að gefa þeim þrúgusykur (svar 153) eða Rumen Booster til að auka orkuna (svar 89). Áfengi getur hresst þær við eftir burð (svar 33), eða nýst þegar hita þarf upp kind sem hefur farið í vatn og náðst með lífsmarki, ásamt sykurvatni til næringar (svar 28). Hvítlaukur (*Allium sativum*) eða hvítlauksolía nýtist gegn bólgusjúkdómum (svör 39, 56). Kamillute hefur svo verið gefið inn við þvagstíflu í hrútum. Að lokum er það fóðureitrunin, en þændur hafa prófað að gefa matarolíu og sykur (svar 65), matarsóda (svar 136) og AB-mjólk við henni en algengasta meðhöndlunin er pensillín. Erlendis hefur fóðureitrun verið meðhöndluð með hýði af granateplum (*Punica granatum*) og laufum af vetrarsari (*Satureja montana*) (Abo-EL-Sooud, 2018).

### 6.3 Viðhorf sauðfjárþænda til óhefðbundinna sauðfjárlækninga

Ásamt því að komast að því hverslags óhefðbundnar sauðfjárlækningar væru ennþá við lýði í landinu, langaði mig líka að kanna hvert viðhorf sauðfjárþænda til slíkra lækninga væri. Almennt er ekki vel séð í sauðfjárþændasamfélaginu að gefa ráðleggingar um sjúkdómstengdar lyfjagjafir á opinberum vettvangi (svo sem Facebook) án aðkomu dýralæknis, svo mér lék forvitni á að vita hvort hið sama gilti um óhefðbundnari ráðleggingar. Þar sem óhefðbundnar lækningar eru almennt ekki ráð tengd við dýralækna heldur alþýðuna gætu slíkar ráðleggingar fallið undir annarskonar reglur í sauðfjárþændasamfélaginu.

Fyrstu spurningarnar sem sneru að þessum þætti voru hvort fólk kannaðist við að hafa fengið ráðleggingar um óhefðbundnar lækningar til að meðhöndla eða fyrirbyggja sauðfjársjúkdóma og þá hverjir hefðu verið að gefa slík ráð. Nánast allir svarendur (96,8 %) könnuðust við að hafa fengið slíkar ráðleggingar til að meðhöndla eða fyrirbyggja sjúkdóma í sauðfé og algengast var að þær kæmu frá öðrum bændum (Tafla 3). Athyglisvert var hversu stórt hlutfall slíkra ráðlegginga kom frá dýralæknum en næstum helmingur (42,4 %) svarenda hafði fengið slíkar ráðleggingar frá dýralæknum. Hinsvegar var lítið um óhefðbundnar ráðleggingar frá stofnunum sem sinna ráðgjöf eða öðrum hlutverkum innan bændasamfélagsins.



**Tafla 3.** Fjöldi sauðfjábænda sem hafði fengið ráðleggingar varðandi óhefðbundnar sauðfjárlækningar frá ólíkum aðilum og uppruni ráðlegginganna. 151 svöruðu þessari spurningu og gátu valið eins marga kosti og þeir vildu.

Viðhorf svarenda til ráðlegginga um notkun óhefðbundinna lækninga var einnig kannað. Viðhorfið var almennt mjög jákvætt (86% svara voru með jákvæðum undirtón) og lýsti forvitni, en þó slæddust orð eins og „snákaolía“ (svar 119) og „tilgangslaut“ (svar 23) með í svörunum. Það var gegnumgangandi þema með svörin við þessari spurningu að þau væru á þessa leið: „Meðan það gerir ekki ógagn er allt í lagi að prófa“ (svar 116). Því má ætla að fólk hafi kannski ekki tröllatru á aðferðunum en þar sem ekki sé verið að nota lyf heldur í mörgum tilfellum matvæli eða annað sem almennt er innbyrt af manneskjum sé viðhorfið að engin hættu sé á ferðum. Sumir tóku fram að það skipti máli hvernig ráðið hljómaði og hvort aðilinn sem deildi ráðinu þætti traustvekjandi (svör 10, 35, 89, 102, 154). Einn svarenda sem flokkaður var með hlutlaust viðhorf var með þarfa áminningu:

„Tek allt með varnagla. Þú getur aldrei verið viss hvort að viðkomandi aðgerð virkaði eða virkaði ekki. Kannski hefði kindin líka náð sér þó ekkert hefði verið gert. Heyeitrun leggst t.d. mjög misjafnlega á einstaklinga og erfitt að segja hvað virkar eða virkar ekki að gera“ (svar 158). Þetta er vissulega rétt. Ráðin geta virkað jafn misjafnlega á dýrin eins og okkur mennina og því er allt í lagi að nálgast viðfangsefnið með varfærunum hug.

Þrátt fyrir að viðhorfið væri almennt jákvætt gagnvart viðfangsefni könnunarinnar mátti greina undirtón í svörum. Sumir lýstu yfir áhyggjum sínum af því að þótt ýmis óhefðbundin ráð nýttust á smærri búum væru þau oft ekki áhættunnar virði í stærri hjörðum þar sem minni tími gefst til að vakta hverja skepnu (svör 59, 97, 151). Margir sögðust hinsvegar vera til í að prófa allt sem ekki myndi saka dýrin, og það væri plús þegar það virkaði til að lækna þau (svör 14, 31, 33, 46, 49, 51, 69, 73, 76, 77, 84, 109, 116, 121, 123, 125, 134, 143, 144, 145, 154, 156). Enn aðrir lýstu yfir áhuga að fá að sjá rannsóknir á þessu viðfangsefni sem og samantektir um hvað væri verið að gera á landinu en skortur væri á slíku og settu spurningarmerki við af hverju það væri (svör 17, 21, 55, 125, 130, 144). Út frá þessu má ætla að þrátt fyrir að fólk vilji að óhefðbundnar lækningar virki telji það að þetta sé allt fjarlægur draumur frekar en raunhæfur möguleiki til meðhöndlunar við sjúkdómum.

### **6.3.1 Framtíð óhefðbundinna lækninga í sauðfjárbúskap**

Framtíð óhefðbundinna lækninga er óráðin í því samfélagi sem við búum í en gæti mætt þörfum nútímalandbúnaðar, þar sem umræða um notkun sýklalyfja brennur á mörgum og hávært ákall um aðrar lausnir. Því var spurt í könnuninni hvort talið væri að óhefðbundnar lækningar yrðu algengari í komandi framtíð, t.d. vegna þessarar umræðu. Af þeim 134 sem svöruðu spurningunni var ekki hægt að greina afstöðu 3,7% svarenda til spurningarinnar. Meirihlutinn taldi líklegt að óhefðbundnar lækningar yrðu algengari í framtíðinni (66,4%) en aðeins 17,2% töldu að það myndi draga úr þeim. Tæplega 13% svarenda töldu sig ekki vita hver þróunin í þessum málaflokki yrði og komst einn þeirra svo að orði: „[...] fólk leitar sér meira upplýsinga núna en áður hlustaði fólk meira á eldri bændur“ (svar 127). Framtíð óhefðbundinna lækninga gæti því oltið á aðgengi upplýsinga um slíkar aðferðir frekar en að þær bærust munnlega á milli manna eins og áður fyrr.

Það var ánægjulegt hversu margir svarendur töldu framtíð óhefðbundinna sauðfjárlækninga vera bjarta. Þeir töldu það aðferðunum helst til tekna að: „[vera] ódýr

og oft einfalt“ (svar 147) og „stuðla að heilnæmi afurða“(svar 156). Þessi orðræða ber það með sér að bændur telji óhefðbundnar lækningar handhægar og náttúrulegar. Þetta er einnig endurspeglad í orðum fimmtugrar konu af Vesturlandi: „bændur munu vakna til vitundar um nauðsyn þess að lifa með náttúrunni í stað þess að grípa alltaf til skyndireddinga“(svar 117). Auðvelt var að greina þema í svörum á þá leið að það væri nauðsynlegt að minnka sýklalyfjanotkun í landbúnaði. Mörg svör voru á þá leið að bændurnir myndu vilja hætta að nota sýklalyf í þeim tilfellum sem ekki væru bráðatilfelli ef þeir kynnu önnur ráð (svör 2, 26, 41, 50, 57, 113, 145, 157).

Þó voru ekki allir sammála því að framtíð óhefðbundinna sauðfjárlækninga væri björt. „Það kemur ekki alltaf eitthvað nýtt í staðinn“ (svar 8) svaraði einn. Annar ítrekaði að slíkar aðferðir gengju ekki upp „hjá alvöru búum“ (svar 97). Karlmaður á sextugsaldri af Suðurlandi sagði: „þeir sem hafa þekkinguna eru að deyja út“ (svar 131) og því væri enginn til staðar til að bera hefðina áfram, en þannig deyjá hefðir yfirleitt út og er það vissulega áhyggjuefni ef svo er ástatt fyrir okkur. Þónokkrir einstaklingar, bæði andvígir og fylgjandi óhefðbundnu lækningaraðferðunum, bentu réttilega á að lyfjanotkun í íslenskri sauðfjárrækt sé ekki stórtækt vandamál (svör 33, 121). Að lokum var hópur sem taldi óhefðbundnar lækningar vera „hvorki vísindalega sannað og virðist ekki bera neinn árangur“ (svar 119). Þetta viðhorf gæti orsakast af sömu rót og minnst var á í upphafi kaflans. Fólk er hætt að leita ráða hjá eldri bændum og farið að leita sér upplýsinga sjálft, og því er öll umgjörð af hefðinni horfin og eftir standa einhver orð á internetinu, sem segja kannski ekki alla söguna. Mögulega lausn við þessu hafði kona á fertugsaldri, sem svaraði spurningunni um framtíð óhefðbundinna lækninga svo: „Veit það svosem ekki en kannski ætti að gera meira af rannsóknum á lyfjalausum aðferðum til að fyrirbyggja og lækna sjúkdóma - til að finna út hvað virkar í alvöru“ (svar 116).

## 7 Umræða

Það má segja að óhefðbundnar dýralækningar hafi alltaf verið hluti af sauðfjárbúskap á Íslandi, enda lengi vel í höndum alþýðunnar einnar að hlúa að heilsu sinna dýra. Menn gripu til ráða sem þeir þekktu og oft voru sömu ráð notuð fyrir menn og skepnur, sérstaklega þegar kom að jurtalækningunum. Með tilkomu dýralækna undir lok 19. aldar fóru áherslur í dýralækningum að breytast og var það greinanlegt í svörum heimildarmanna. Ekki voru mörg ráð sem komu fram bæði hjá heimildarmönnum þjóðháttasafnsins og í svörum við spurningakönnun höfundar.

Upplýsingar um óhefðbundnar sauðfjárlækningar leyndust víða í þjóðháttadeild þjóðminjasafnsins. Það kom hinsvegar á óvart að meginuppspretta upplýsinganna var ekki spurningaskrá 33 um sauðfé. Svo virðist sem á þeim tíma sem skráin var send út (1976) hafi fólk almennt ekki fundist neins virði að minnast á lækningar fyrri tíma enda væri það liðin tíð. Ríkjandi orðræða var í svörunum um að sjúkdómar á borð við bráðapestina og sullaveiki hefðu verið ólæknandi og „að dýralæknum og vísindamönnum okkar hefir á þessu tímabili tekist að vinna bug á flestum sjúkdómum sauðfjár“ (ÞP 4208) og því væri ekki þess virði að ræða þessi mál neitt frekar. Það er ekki ósennilegt að mikið af þeim siðvenjum sem viðhöfðust við lækningar ýmissa dýrasjúkdóma fyrri tíma hafi glatast með þeim kynslóðum sem horfnar eru því að engum þótti þess vert að hefja upp þessar „hrossalækningar“ eftir að vísindin gengu í garð.

Því miður var ógjörningur að kanna landfræðilega útbreiðslu þeirra ráða sem gefin voru upp fyrr á tímum þar sem einungis örfáar spurningaskrár geymdu upplýsingar um uppruna heimildarmanna. Ef meiri tími hefði verið til staðar hefði verið hægt að lesa í örnefni og staðhætti sem komu fyrir í frásögnum fólks og kannski hægt að áætla staðsetningu út frá því, en slíkt væri allt of tímafrekt í ekki stærra verkefni. Höfundur skrifaði hinsvegar hjá sér staðsetningar sem hann kannaðist við úr eigin heimasveit og út frá öðrum augljósum kennileitum til glöggvunar ef þyrfti. Varðandi landfræðilega útbreiðslu lækninga samtímans var engin augljós útbreiðsla. Þó voru dæmi um að aðeins 2-3 einstaklingar deildu sama ráði eða svipuðu og bjuggu í samliggjandi sýslum. Var það þó svo lítið úrtak að ekki er hægt að áætla neitt um staðbundna útbreiðslu út frá því.

Það kom á óvart hversu jákvætt viðhorf sauðfjárbændur í dag hafa til óhefðbundinna lækninga, en höfundur taldi að svör yrðu almennt tortryggin á slíkar tilraunir. Eins og farið var yfir í kafla 6.3.1 kom fram viðhorf um að óhefðbundnar lækningar væru heilnæmari og náttúrulegri en lyflækningar (svör 30, 78, 156, 117) og margir vildu leita allra leiða til að minnka lyfjanotkun (svör 26, 34, 41, 50 og mikið fleiri) vegna meiri vitundar neytenda (svar 38). Fólk taldi óhefðbundnu lækningarnar oft bæði ódýrari og algengilegri en hefðbundnar lækningar og á mörgum svæðum úti á landi er langt að sækja næsta dýralækni, sérstaklega að vetri til. Þó er alltaf möguleiki að hið jákvæða viðhorf til óhefðbundinna lækninga sé ekki eins algilt og könnunin gefur til kynna þar sem fólk andstætt slíkum aðferðum gæti hreinlega hafa sneitt hjá könnuninni og ekki talið vert að svara henni.

Hverju mun þetta jákvæða viðhorf sauðfjárbænda nútímans skila til þess sauðfjárbúskapar sem nú er stundaður og þess sem verður stundaður í framtíðinni? Það er verðugt að spyrja sig þessarar spurningar því að öll höfum við jú lesið umræður um sýklalyfjaónæmi í heiminum. Næstum tveir þriðju þeirra sem svöruðu könnuninni töldu að óhefðbundnar lækningar myndu aukast, til dæmis vegna umræðna um lyfjanotkun í landbúnaði. Sömuleiðis getur ákall neytenda um lífrænar vörur spilað inn í en öll óþarfa notkun sýklalyfja er bönnuð í slíkum landbúnaði samkvæmt Evrópulöggjöf (Regulation on organic production..., 2018:43 gr.). Það er ánægjulegt að vita til þess að sauðfjárbændur séu áhugasamir um framtíð óhefðbundinna sauðfjárlækninga og vonandi verður þetta rannsakað frekar í náninni framtíð, bæði heildstætt og stök ráð.

Íslenskir bændur nýta mikið af óhefðbundnum lækningaráðum til að meðhöndla og fyrirbyggja sjúkdóma í hjörðum hjá sér en átta sig ekki endilega á því að þeir séu að notast við óhefðbundnar lækningar þar sem fyrirbærið er svo samfélagslega viðurkennt. Það að gefa lömbum AB-mjólk hefur verið ráðlagt af dýralæknum í meira en áratug og er orðin svo gamalgróin hefð á mörgum sauðfjárbúum á landinu að ólíklegt er að þau líti svo á að um óhefðbundna lækningu sé að ræða. Að gefa kakó við skitu (með eða án AB-mjólkur) er annað ráð sem ég man eftir að hafa heyrt sem krakki og ég tel að sé útbreidd þekking sem margir nota án þess að hugsa um af hverju. Höfundi þótti einstaklega áhugavert hversu einsleit svörin voru þegar spurt var hvaða ráð bændur þekktu sem aðrir nýttu. Sjaldan kom nokkuð nýtt fram þar sem vekur upp spurningar hvort það sé eitthvað

feimnismál innan bændasamfélagsins að deila ráðum sem ekki þykja algild og samfélagslega samþykkt. Mögulega er stundun óhefðbundinna sauðfjárlækninga einskonar feimnismál í bændasamfélaginu, eða nægilega samþykkt til að það þyki ekki nógu merkilegt til að tala um þær eða spyrja aðra út í.

Enginn virtist lengur nota óhefðbundnar aðferðir til að meðhöndla sníkjudýrasjúkdóma af neinu tagi, þrátt fyrir að það hafi verið algengt hér áður fyrr. Mörg ráð eru nýtt erlendis um slíkt sem bændur hér gætu tekið upp og því engin þörf fyrir gamla skrotóbakið. Sem dæmi gefa kanadískir bændur hvítlauk ásamt fleiri jurtum sem fyrirbyggjandi við ormasýki og gefnar eru gulrætur, sellerí, steinselju og næpugras til að meðhöndla ormasýkingar (Lans et al., 2007). Abo-EL-Sooud (2018) tekur saman í grein sinni ýmsar jurtir með sníkjudýradrepanði eiginleika og þar má sjá að hvítlaukur hefur reynst vel gegn þráðormum í sauðfé og geitum og hníslum í geitum. Grænt te og börkur af furutré (*Pinus radiata*) reynist einnig vel gegn hníslum og kaffifífill (*Cichorium intybus*) er góður til að hreinsa út iðraorma í lömbum. Erfitt er að segja til um hversvegna þessi siðvenja hefur algerlega fallið úr gildi hérlendis en mögulega helgast það af því að fjárskaði af völdum sníkjudýra var mikill hér áður fyrr og bændur sögðu tilkomu Dungals ormalyfsins hafa verið „alger þáttaskil“ (ÞP 4592) og „hreinasta kraftaverk um heilsufar fjárins“ (ÞP 4211). Kannski situr þessi sára reynsla ennþá í anda sauðfjársænda og ormalyfin verða seint gefin eftir af ótta við afleiðingar.

## 8 Lokaorð

Var tilkoma dýralækna hér á landi kannski úlfur í sauðagæru fyrir íslenskar sauðfjárlækningar? Það er vissulega ofsagt enda hefur þekking þeirra fært okkur bóluefni til að fyrirbyggja sjúkdóma og aðferðir til lækninga sem okkur væri annars ekki gefinn kostur á. En tilkoma þeirra virðist hafa leitt af sér glötun margra gamalgróinna lækningaraðferða, svo bændur dagsins í dag standa oft á milli þeirra valkosta að greiða fyrir þjónustu dýralæknis ellegar lóga skepnunni þar sem þeir þekkja ekki önnur ráð. Einn sauðfjársænda benti á að byssan væri hlutfallslega oftari notuð í tengslum við kindur en nokkurn annan búsmala (svar 61) þar sem kostnaðurinn við að hjúkra þeim væri meiri en afurðirnar sem þær skila af sér. Tóku fleiri bændur í sama streng (svör 65, 67, 109, 121,



153) og sögðu að helsta sóknarfæri óhefðbundinna lækninga vera minni kostnaður og til mikils væri að vinna í að fyrirbyggja sjúkdóma. Þetta viðhorf er ekki nýtt af nálinni en einn heimildarmanna þjóðháttasafnsins, sem fæddur var árið 1898, sagði: „Magnús Einarsson, fyrsti dýralæknir á Íslandi, tók til starfa nokkru eftir aldamót, en sjaldan var hans vitjað vegna sjúkdóma í kindum, þótti ekki borga sig. En hann bjargaði oft kúm og hestum“ (ÞÞ 4035). Kindur hafa því sennilega aldrei þótt þess virði að borga fyrir að bjarga þeim, og því er það mikill missir að bjargráð alþýðunnar, þeim ætluð, hafi glatast.

## Heimildaskrá

- Abo-EL-Sooud, K. (2018). Ethnoveterinary perspectives and promising future. *International Journal of Veterinary Science and Medicine*, 6(1), 1-7.
- Árni Björnsson. (1998). Um skottulækningar: „Skalat maðr rúnir rista nema ráða vel kunni“. *Læknablaðið*, 84(4), 334-338.
- Benedikt Gíslason. (1958). *Eiðasaga*. Prentsmiðjan Edda hf.
- Brynjólfur Sandholt (ritstj.). (2004). *Dýralæknatal: búfjársjúkdómar og saga*. Dýralæknafélag Íslands.
- Chakale, M. V., Mwanza, M. og Aremu, A. O. (2021). Ethnoveterinary knowledge and biological evaluation of plants used for mitigating cattle diseases: A critical insight into the trends and patterns in South Africa. *Frontiers in Veterinary Science*, 8, 1-19. <https://doi.org/10.3389/fvets.2021.710884>
- Dundes, A. (1965). *The Study of Folklore*. Prentice Hall.
- Eggert Gunnarsson. (2004). *Notkun bólu efna til varnar sjúkdómum í dýrum*. Í Brynjólfur Sandholt (ritstj.), *Dýralæknatal: búfjársjúkdómar og saga*. Dýralæknafélag Íslands.
- Einar Bjarnason og Kristjana S. Einarsdóttir. (e.d.). *Um sjúkdóma húsdýra*. Uppskrift á námsefni – Eink 643-2. Handrit af Héraðsskjalasafni Austurlands.
- Guðrún Helga Sigurðardóttir. (1993, 1. mars). Íslenskar lækninga- og fegrunarjurtir. *Heilsuvernd*, 48(1), 27-34.
- Gunnar Bragi Sveinsson. (2016). *1199/145 svar: nýliðun í landbúnaði – Þingtíðindi*. Alþingi. <https://www.althingi.is/altext/145/s/1199.html>
- Hagstofa Íslands. (e.d.a). *Búpeningur eftir landsvæðum frá 1980* [tafla]. [www.hagstofa.is/](http://www.hagstofa.is/)
- Hagstofa Íslands. (e.d.b). *Árleg kjötneysla á íbúa 1983-2015* [tafla]. [www.hagstofa.is/](http://www.hagstofa.is/)
- Halldór Kiljan Laxness. (1952). *Sjálfstætt fólk* (2. útgáfa). Helgafell.
- Hálf dán Jóakimsson, Helgi Jónasson og Jón Ingjaldsson. (1855). *Fjárþæklingur eða leiðarvísir handa þeim, sem vilja stunda fjárrækt*. Prentsmiðja Norður- og austur-umdæmis.

- Hermann Jónasson. (1887, 8. júlí). Um endurbætur á kvikfjárrækt. *Þjóðólfur*, 39(29), 113.
- Ivan Katic. (2000). *Harald Krabbe: Dagbog fra Island: Ferðasaga (1863, 1870, 1871)*. Veterinærhistorisk Forskning.
- Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir og Bjarni Rúnarsson. (2020, 7. október). *Lífstill að vera bóndi frekar en spurning um afkomu*. RÚV. <https://www.ruv.is/frett/2020/10/07/lifstill-ad-vera-bondi-frekar-en-spurning-um-afkomu>
- Jón Steffensen. (1990). Alþýðulækningar. Í Frosti F. Jóhannsson (ritstj.), *Alþýðuvísindi* (Íslensk þjóðmenning, 7. bindi, bls. 103-188). Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson. (2000). *Íslenska sauðkindin*. Bókaútgáfan Hofi.
- Jónas Eiríksson. (1888). *Um meðferð á helstu sjúkdómum alidýra ásamt ágrípi af meðalafræði (pharmakologe)*. Lesið fyrir veturinn 1889-1890 – Alm VI. 5, 8. Héraðsskjalasafn Austurlands.
- Jónas Jónasson. (1961). *Íslenzkir þjóðhættir*. Ísafoldarprentsmiðja.
- Jónas Jónsson. (2013) *Landbúnaðarsaga Íslands* ( 3. bindi). Skrudda.
- Kristján Eldjárn. (1963). Aldarafmæli Þjóðminjasafns Íslands. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 38-58.
- Kumar, R. (2011). *Research Methodology: A step-by-step buide for beginners* (3. útg.). Sage.
- Lans, C., Turner, N., Khan, T., Brauer, G. og Boepple, W. (2007). Ethnoveterinary medicines used for ruminants in British Columbia, Canada. *Journal of Ethnobiology and Ethnomedicine*, 3(11), 1-22. doi:10.1186/1746-4269-3-11
- Magnús Einarsson. (1897, 30. janúar) Dýra-skottulækningar. *Ísland*, 5, 19.
- MAST. (2020). *Starfandi dýralæknar á Íslandi*. MAST. [https://www.mast.is/static/files/listar/heimasida-mast-dyralaeknalisti\\_20211008.pdf](https://www.mast.is/static/files/listar/heimasida-mast-dyralaeknalisti_20211008.pdf)
- McCorkle, C. (1986). An introduction to ethnoveterinary research and development. *Journal of Ethnobiology*, 6(1), 129-149.
- McCorkle, C. (1989). Veterinary anthropology. *Human Organization*, 48(2), 156-162.
- McCorkle, C. (1997). Intersectoral healthcare delivery. Í Chesworth, J. (ritstj.), *The ecology of heath* (bls. 187-200). Sage.

- McCorkle, C og Martin, M. (1998). Parallels and potentials in animal and human ethnomedical technique. *Agriculture and Human Values*, 15, 139-144.
- McGaw, L. J. og Abdalla, M. A. (2020) *Ethnoveterinary Medicine: Present and future concepts*. Springer.
- Páll A. Pálsson. (1973). Hættur á innflutningi búfjársjúkdóma. *Freyr*, 69(2), 32-38.
- Páll A. Pálsson. (1989, 12. desember). Sigur yfir sullaveiki. *Læknablaðið*, 75(10), 403-404.
- Páll Agnar Pálsson. (1979). Rida (scrapie) in Icelandic sheep and its epidemiology. Í Prusiner S.B. og Hadlow, W.J. (ritstj.), *Slow transmissible diseases of the nervous system* (bls. 357-366). Academic Press.
- Pieroni, A., Howard, P., Volpato, G. og Santoro, R. F. (2004). Natural remedies and nutraceuticals used in ethnoveterinary practices in Inland Southern Italy. *Veterinary Research Communications*, 28, 55-80.
- Piluzza, G., Viridis, S., Serralutzu, F. og Bullitta, S. (2015). Uses of plants, animal and mineral substances in Mediterranean ethnoveterinary practices for the care of small ruminants. *Journal of Ethnopharmacology*, 168, 87-99. <https://doi.org/10.1016/j.jep.2015.03.056>
- Porter, R. (1997). *The greatest benefit to mankind – A medical history of humanity*. W. W. Norton & Company.
- Regulation on organic production and labelling of organic products and repealing council regulation (EC) NO 834/2007 nr. 848 (2018). <https://eur-lex.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj>
- Sigurður Einarsson. (1915). *Alidýrasjúkdómar: Stutt ágrip*. Forlag og prentsmiðja Odds Björnssonar.
- Sigurður H. Richter og Matthías Eydal. (1997). Óværa á sauðfé á Íslandi. *Icelandic Agricultural Science*, 11, 91-98.
- Sigurður Sigurðarson. (2009, 28. maí). Nokkur ráð á sauðburði. *Bændablaðið*, 26.
- Sims, M. C. og Stephens, M. (2005). *Living Folklore: An Introduction to the Study of People and Their Traditions*. Utah State University Press.
- Sigurborg Ólöf Bergsdóttir. (2022, 5. apríl). Meðhöndlun vegna slefsýki. *Bændablaðið*. <https://www.bbl.is/folk/medhondlun-vegna-slefsyki>

- Stefán Aðalsteinsson. (1981). *Sauðkindin landið og þjóðin*. Bjallan.
- Úr sauðagulli verða til ýmsar kræsingar. (2020, 19. nóvember). *Bændablaðið*, 18.
- van Veen, T. W. S. (1997). Sense or nonsense? Traditional methods of animal parasitic disease control. *Veterinary Parasitology*, 71(2-3), 177-194.
- Ventola, C. L. (2015). The antibiotic resistance crisis, part 1: Causes and threats. *Pharmacy and Therapeutics*, 40(5), 344-352.
- Viðurkennd verndandi arfgerð gegn riðu finnst í sex einstaklingum. (2022, 27. janúar). *Bændablaðið*, 18.
- von Sydow, C. W. (1948). *Selected Papers on Folklore*. Rosenhilde and Bagger.
- von Sydow, C. W. (1999). Geography and folk-tale oicotypes. Í A. Dundes (ritstj.), *International folkloristics: Classic contributions by the founders of folklore* (bls. 137-152). Rowman & Littlefield Publishers.
- Yoder, D. (1972). Folk medicine. Í R. M. Dorson (ritstj.), *Folklore and Folklife* (bls. 181-215). The University of Chicago Press.
- Þjóðminjasafn Íslands. (e.d.). *Þjóðháttafafn*. <https://www.thjodminjasafn.is/stofnunin/starfsemi/thjodhattasafn/>

## Heimildir úr Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands

### Svör við spurningaskrá 8, Fráfærur I

ÞÞ 470	ÞÞ 473	ÞÞ 476	ÞÞ 478	ÞÞ 481	ÞÞ 484
ÞÞ 492	ÞÞ 493	ÞÞ 496	ÞÞ 497	ÞÞ 504	ÞÞ 508
ÞÞ 509	ÞÞ 510	ÞÞ 512	ÞÞ 514	ÞÞ 518	ÞÞ 521
ÞÞ 527	ÞÞ 533	ÞÞ 562	ÞÞ 594	ÞÞ 600	ÞÞ 618
ÞÞ 626	ÞÞ 646	ÞÞ 686	ÞÞ 693	ÞÞ 729	ÞÞ 753
ÞÞ 766	ÞÞ 881	ÞÞ 890	ÞÞ 998	ÞÞ 1313	ÞÞ 1542
ÞÞ 1684	ÞÞ 1818	ÞÞ 2297	ÞÞ 2717	ÞÞ 3003	ÞÞ 3876

### Svör við spurningaskrá 8a, Fráfærur II

ÞÞ 15034	ÞÞ 15035	ÞÞ 15045	ÞÞ 15106	ÞÞ 15116	ÞÞ 15119
ÞÞ 15126	ÞÞ 15134	ÞÞ 15178	ÞÞ 15191	ÞÞ 15194	ÞÞ 15225
ÞÞ 15245	ÞÞ 15248	ÞÞ 15253	ÞÞ 15255	ÞÞ 15280	ÞÞ 15347

### Svör við spurningaskrá 19a, Aukaspurning: Lækningajurtir

ÞÞ 1562	ÞÞ 1591	ÞÞ 1595	ÞÞ 1597	ÞÞ 1597	ÞÞ 1672
ÞÞ 1649	ÞÞ 1774	ÞÞ 1789	ÞÞ 1801	ÞÞ 2317	ÞÞ 2799
ÞÞ 2906	ÞÞ 2928	ÞÞ 2941	ÞÞ 3759		

### Svör við spurningaskrá 25, Fjallagrös

ÞÞ 2559	ÞÞ 2597	ÞÞ 2719
---------	---------	---------

### Svör við spurningaskrá 33, Sauðfé. Fjárhús; hirðing og fóðrun. Geitfé.

ÞÞ 3971	ÞÞ 4004	ÞÞ 4017	ÞÞ 4020	ÞÞ 4028	ÞÞ 4032
ÞÞ 4035	ÞÞ 4036	ÞÞ 4041	ÞÞ 4053	ÞÞ 4058	ÞÞ 4062
ÞÞ 4079	ÞÞ 4127	ÞÞ 4134	ÞÞ 4149	ÞÞ 4208	ÞÞ 4211
ÞÞ 4211	ÞÞ 4260	ÞÞ 4498	ÞÞ 4592	ÞÞ 4592	ÞÞ 5789

ÞÞ 6083

ÞÞ 7409

ÞÞ 7987

ÞÞ 8162

ÞÞ 9737

Svör við spurningaskrá 76, *Meindýr*

ÞÞ 10090

ÞÞ 10112

ÞÞ 10141

ÞÞ 10161

ÞÞ 10162

ÞÞ 10220

ÞÞ 10234

ÞÞ 10257

ÞÞ 10295

ÞÞ 10381

ÞÞ 10518

ÞÞ 10653

Svör við spurningaskrá 92, *Tóbakshættir*

ÞÞ 12522

ÞÞ 12530

ÞÞ 12560

ÞÞ 12576

ÞÞ 12577

ÞÞ 12580

ÞÞ 12581

ÞÞ 12584

ÞÞ 12590

ÞÞ 12599

ÞÞ 12604

ÞÞ 12626

ÞÞ 12629

ÞÞ 12638

ÞÞ 12642

ÞÞ 12647

ÞÞ 12648

ÞÞ 12650

ÞÞ 12690

ÞÞ 12691

ÞÞ 12824

ÞÞ 12863

ÞÞ 12869

Efni óháð spurningaskrá

ÞÞ 896

## Viðauki I - Svarendur spurningakönnunar

SvarKyn	Fæðingarár	Sýsla sauðfjárbýlis (sveitarfélag ef vill)	
1	Kona	1995	Norður-Múlasýsla (Vopnafjarðarhreppur)
2	Kona	1965	Án staðsetningar (Austurland)
3	Karl	1957	Múlasýsla
4	Karl	1976	Snæfells- og Hnappadalssýsla
5	Karl	1956	Norður-Ísafjarðarsýsla
6	Karl	1961	Norðurþing
7	Karl	1961	Gullbringusýsla
8	Karl	1989	Norður-Múlasýsla (Múlaþing)
9	Karl	1968	Hamar, Vesturbyggð
10	Kona	1965	Suður-Múlasýsla
11	Kona	1982	Norður-Múlasýsla
12	Kona	1978	Árnessýsla
13	Kona	1991	Norður-Múlasýsla
14	Karl	1983	Borgarbyggð
15	Kona	1970	Árnessýsla
16	Kona	1964	Norður-Ísafjarðarsýsla
17	Karl	1963	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
18	Kona	1976	Rangárvallasýsla
19	Kona	1984	Rangárvallasýsla
20	Kona	1992	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
21	Kona	1994	Múlaþing
22	Kona	1950	Múlasýsla
23	Karl	1994	Skaftárhreppur
24	Kona	1978	Norður-Múlasýsla
25	Kona	1998	Múlaþing
26	Kona	1959	Dalasýsla



27	Karl	1977	Norður-Múlasýsla
28	Kona	1959	Pingeyjarsveit
29	Kona	1957	Dalásýsla (Dalabyggð)
30	Kona	1961	Múlaþing
31	Kona	1972	Múlaþing
32	Kona	1979	Austur-Húnavatnssýsla (Húnavatnshreppur)
33	Kona	1981	Vestfirðir (Staður)
34	Karl	1946	Mýrasýsla
35	Karl	1952	Austur-Skaftafellssýsla
36	Karl	1989	Múlaþing
37	Karl	1946	Norður-Múlasýsla (Vopnafjörður)
38	Kona	1953	Norður-Múlasýsla
39	Kona	1981	Norður-Ísafjarðarsýsla
40	Karl	1987	Pingeyjarsveit
41	Kona	1978	Norðurland
42	Kona	2003	Suður-Pingeyjarsýsla
43	Karl	1997	Austur-Húnavatnssýsla (Húnavatnshreppur)
44	Karl	1974	Norður-Múlasýsla (Múlaþing)
45	Kona	1966	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
46	Kona	1959	Borgarbyggð
47	Karl	1968	Borgarbyggð
48	Kona	1956	Norður-Múlasýsla
49	Kona	1975	Rangárvallasýsla
50	Kona	1983	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
51	Kona	1975	Suður-Pingeyjarsýsla
52	Kona	1957	Strandabyggð
53	Kona	1963	Norður-Múlasýsla
54	Kona	1963	Hornafjörður

55	Karl	1961	Norður-Múlasýsla
56	Kona	1962	Borgarfjarðarsýsla
57	Karl	1960	Hornafjörður
58	Kona	1961	Dalasýsla
59	Karl	1958	Án staðsetningar
60	Kona	1964	Norður-Pingeyjarsýsla
61	Kona	1957	Mýrasýsla
62	Kona	1985	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
63	Kona	1946	Grímsnes
64	Karl	1993	Norðurþing
65	Kona	1948	Pingeyjarsýsla
66	Karl	1971	Norður-Múlasýsla
67	Karl	1954	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
68	Karl	1973	Vestur-Húnavatnssýsla
69	Kona	1952	Vesturland
70	Kona	1963	Húnavatnssýsla
71	Kona	1961	Eyjafjarðarsýsla
72	Karl	1959	Múlaþing
73	Kona	1987	Suður-Múlasýsla
74	Karl	1967	Norður-Múlasýsla (Múlaþing)
75	Karl	1982	Suður-Múlasýsla (Fjarðabyggð)
76	Karl	1977	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
77	Kona	1980	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
78	Kona	1964	Suður-Múlasýsla
79	Kona	1965	Án staðsetningar
80	Karl	1979	Húnavatnssýsla
81	Kona	1964	Dalasýsla
82	Karl	1985	Múlasýsla

83	Kona	1968	Gullbringusýsla
84	Karl	1961	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
85	Kona	1961	Suður-Þingeyjarsýsla
86	Kona	1981	Austur-Húnavatnssýsla
87	Karl	1981	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
88	Kona	1973	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
89	Karl	1973	Suður-Þingeyjarsýsla
90	Karl	1969	Norðurland vestra
91	Karl	1979	Suður-Þingeyjarsýsla
92	Karl	1973	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
93	Kona	1957	Vestur-Skaftafellssýsla
94	Karl	1982	Suður-Múlasýsla
95	Karl	1950	Eyjafjarðarsýsla
96	Karl	1967	Múlaþing
97	Karl	1972	Austur-Húnavatnssýsla (Húnavatnshreppur)
98	Karl	1961	Mýrasýsla
99	Kona	1974	Austur-Skaftafellssýsla
100	Kona	1950	Austur-Barðastrandarsýsla
101	Karl	1961	Austur-Skaftafellssýsla
102	Kona	1964	Án staðsetningar
103	Kona	1987	Suður-Múlasýsla (Fjarðabyggð)
104	Kona	1963	Norður-Múlasýsla (Borgarfjörður eystri)
105	Kona	1954	Eyjafjarðarsýsla (Eyjafjörður)
106	Karl	1966	Árnessýsla
107	Karl	1982	Án staðsetningar
108	Kona	1960	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
109	Kona	1987	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
110	Kona	1971	Húnaþing vestra

111	Kona	1965	Austur-Húnavatnssýsla
112	Karl	1959	Suður-Múlasýsla
113	Kona	1985	Suður-Múlasýsla
114	Kona	1986	Mýrasýsla
115	Karl	1992	Án staðsetningar
116	Kona	1985	Árnessýsla
117	Kona	1972	Borgarbyggð
118	Kona	1963	Austur-Skaftafellssýsla
119	Karl	1988	Helgafellssveit
120	Karl	1957	Norður-Pingeyjarsýsla
121	Kona	1973	Vestur-Skaftafellssýslu
122	Karl	1977	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
123	Kona	1964	Vestur-Skaftafellssýsla
124	Kona	1978	Skagafjarðarsýsla (Skagafjörður)
125	Kona	1989	Strandasýsla (Árneshreppur)
126	Karl	1984	Dalasýsla
127	Kona	1978	Barðastrandasýsla
128	Kona	1973	Norður-Múlaþing (Vopnafjörður)
129	Kona	1986	Vesturland
130	Kona	1991	Vestur-Húnavatnssýsla
131	Karl	1965	Árnessýsla
132	Kona	1959	Borgarfjarðarsýsla
133	Kona	1994	Vestur-Skaftafellssýsla
134	Karl	1991	Norðurþing
135	Kona	2007	Hvolsvöllur
136	Kona	1986	Dalasýsla (Dalabyggð)
137	Karl	1963	Borgarbyggð
138	Kona	1999	Bolungarvík

139	Kona	1986	Akranes
140	Karl	1982	Árnessýsla
141	Kona	1973	Rangárþing eystra
142	Kona	1983	Vestur-Skaftafellssýsla
143	Karl	1998	Árnessýsla
144	Karl	1942	Norður-Múlasýsla
145	Kona	1998	Suður-Þingeyjarsýsla (Skútustaðahreppur)
146	Kona	1977	Norðurland vestra
147	Kona	1972	Borgarbyggð
148	Karl	1951	Múlaþing
149	Kona	1961	Ísafjarðarsýsla
150	Kona	1989	Austur-Skaftafellssýsla
151	Kona	1976	Rangárvallasýsla
152	Karl	1990	Rangárvallasýsla
153	Kona	1983	Eyjafjarðarsýsla (Eyjafjörður)
154	Kona	1974	Dalasýsla (Dalabyggð)
155	Karl	1966	Suður-Múlasýsla
156	Karl	1973	Borgarbyggð
157	Kona	1963	Borgarfjarðarsýsla
158	Kona	1982	Skaftafellssýsla

## Viðauki II - Spurningakönnun

Kyn (skyldusurning). *Svarmöguleiki: Karl, kona, annað.*

Fæðingarár (skyldusurning).

Sýsla sauðfjárbýlis (skyldusurning).

### - Óhefðbundnar sauðfjárlækningar samtímans -

Stundar þú einhverskonar lækningar eða fyrirbyggjandi aðferðir sem falla utan hefðbundinna lyflækninga? (t.d. AB-mjólk, matarsóda, kakó eða annað). *Svarmöguleikar: Já, nei, er ekki viss.*

Ef já eða er ekki viss, hverskonar lækningar notar þú? Hvaða kvilla er verið að meðhöndla eða fyrirbyggja?

Værir þú líkleg/ur til að nýta þér óhefðbundnar lækningar kæmi ráðleggingin frá dýralækni? *Svarmöguleikar: Já, nei, annað.*

Þekkir þú einhver óbrigðul ráð til meðhöndlunar sauðfjársjúkdóma sem falla utan hinna hefðbundnu lyflækninga? Hvaða ráð?

### - Viðhorf til óhefðbundinna sauðfjárlækninga -

Kannast þú við ráðleggingar af óhefðbundnum lækningum (t.d. notkun á AB-mjólk eða kaffi) til að meðhöndla eða fyrirbyggja sjúkdóma í sauðfé? *Svarmöguleikar: Já, nei.*

Ef já, hverjir hafa verið að ráðleggja slíkt? *Svarmöguleikar (hægt að merkja við fleiri en einn möguleika): Eldri ættingjar/fjölskyldumeðlimir, dýralæknar, aðrir bændur, ráðunautar RML eða annarra stofnana innan bændasamfélagsins, aðrir (hverjir).*

Hvert er viðhorf þitt til slíkra ráðlegginga?

Hver finnst þér vera tilgangur óhefðbundinna lækninga? *Svarmöguleikar: Fyrirbyggja sjúkdóma, meðhöndla sjúkdóma, bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla sjúkdóma, hvorugt.*

Telur þú líklegt að óhefðbundnar lækningar verði algengari í komandi framtíð, t.d. vegna umræða um sýklalyfjaónæmi eða notkunar lyfja í landbúnaði? Af hverju, af hverju ekki?

### - Að lokum –

Manstu eftir óhefðbundnum ráðum sem notuð voru í fyrri tíð, af fjölskyldumeðlimum eða öðrum, sem ekki eru notuð í dag? Geturu komið með dæmi um slíkt?

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þessa könnun?

Að lokum, ef svo ber undir að mig langi að kafa dýpra í einhver ráð, má hafa samband við þig til samræðna um slíkt? Ef svo er máttu setja tengiliðarupplýsingar hér að neðan.